



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

*„Á meðan hjartað slær vil ég lofa þig“*

**Er þörf fyrir kristilegu útvarpsstöðina Lindina í íslensku samfélagi?**

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Ásdís Magnúsdóttir**

**Febrúar 2012**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Guðfræði**

***„Á meðan hjartað slær vil ég lofa þig“***

**Er þörf fyrir kristilegu útvarpsstöðina Lindina í íslensku samfélagi?**

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Ásdís Magnúsdóttir**

**Kt.: 280854-3959**

**Leiðbeinandi: Dr. Pétur Pétursson**

**Febrúar 2012**

Mínar bestu þakkir fá dr. Pétur Pétursson leiðbeinandi minn fyrir frábært samstarf og góða leiðsögn, börnin mín Ágúst Róbert Glad og Vigdís Marianne Glad fyrir yfirlestur og dr. Þorbjörn Broddason, Mike og Sheila Fitzgerald og starfsfólk á Lindinni, Hilmar Thor Bjarnason, Bjarni Randver Sigurvinsson, dr. Knut Lundby, Ásdís Ýr Arnardóttir og Elva Ellertsdóttir fyrir aðstoðina.

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í guðfræði. Óheimilt er að afrita úr henni á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

© Ásdís Magnúsdóttir  
Reykjavík. Ísland.

## Útdráttur

Sagt er frá hugsjónamanninum, trúboðanum og hómópatanum Arthur C. Gook og tilraunum hans til útvarpsreksturs á Íslandi á þriðja áratug síðustu aldar. Efni ritgerðarinnar er þó einkum kristilega útvarpsstöðin Lindin, fjölmiðlun, útvarp og könnun sem gerð var meðal hlustenda stöðvarinnar. Gerð er grein fyrir tilurðarsögu stöðvarinnar, hugsjónum og tilgangi með útvarpsrekstrinum. Vísað er í rannsóknir frá Ástralíu sem könnuðu hvort kristilegar útvarpsstöðvar hafi áhrif á samfélagið. Reynt er að komast að því hvort kristilega útvarpsstöðin Lindin hafi einhvern tilgang og áhrif í íslensku samfélagi. Niðurstöður könnunarinnar sem gerð var eru kynntar en með fyrirvara um að hún sé marktæk, vegna ónógrar þátttöku. Helst má skoða niðurstöðurnar sem ákveðna vísbendingu.

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
1. Trúboð og kristilegt útvarp á Akureyri .....	5
1.1 Arthur C. Gook (1883–1959) .....	5
1.2 Útvarpsstöð handa Íslendingum .....	6
1.3 Útvarpsleyfi og tafir.....	7
1.4 Endurgjaldslaust og til ánægju .....	8
1.5 Prufukeysrsla, fjársöfnun og erfiðleikar.....	8
1.6 Endalok útvarpsdraums Gook?.....	10
1.7 Halldór Kiljan Laxnes skopast .....	10
1.8 Breyttir tímar .....	11
2. Fræðakafli.....	13
2.1 Heimfærsla og markmið fjölmiðils.....	13
2.2 Rannsóknir frá Ástralíu. Velmegun og afhelgun.....	14
2.3 Samfélag og fjölbreytni .....	16
3. Lindin fjölmiðlun, útvarp .....	18
3.1 Fjölmiðlutrúboð .....	18
3.2 Assemblies of God og hvítasunnuhreyfingin á Íslandi.....	19
3.3 Guðfræðilegar áherslur Lindarinnar .....	20
3.4 Dagskrá Lindarinnar .....	23
3.5 Tónlistin á Lindinni .....	24
3.6 Hvers konar útvarp?.....	26
3.7 Bænastundir í beinni .....	27
3.8 Félagsþjónusta Lindarinnar .....	28
3.9 Styrktaraðilar og fjármál Lindarinnar.....	28
3.10 Landsbyggðafréttir og alþjóðasamstarf .....	29
3.11 Fordómar .....	30

4. Könnunin.....	32
4.1 Kynjaskipting, aldursdreifing og föðurland.....	32
4.2 Kirkjudeildir þátttakenda.....	33
4.3 Búseta og hlustun.....	33
4.4 Bænir, kirkju/samkomusókn.....	33
4.5 Tónlistarval, efnistöð og upplifun .....	34
4.6 Hvað vantar í dagskrána og hvað er gott? .....	34
5. Niðurstaða .....	36
Heimildaskrá .....	38
Viðauki 1 .....	41
Viðauki 2 .....	43

## Inngangur

Ritgerðin fjallar um kristilegu útvarpsstöðina Lindina „*Lindin, fjölmiðlun, útvarp*“ og áhrif hennar í íslensku samfélagi. Einnig segi ég frá tilraunum Arthur C. Gook til að koma á laggirnar kristilegri útvarpsstöð á Íslandi. Ég vildi hafa þá merku sögu með í umfjöllum um kristilegt útvarp hér á landi. Tenging milli útvarpsstöðvar Lindarinnar og útvarpstöðvarinnar sem Gook vildi setja á laggirnar er einkum sú að forsvarsmennirnir eiga það sameiginlegt að vilja Íslendingum vel og vilja breiða út guðsorð og vekja athygli á kærleiksríkum boðskap kristinnar trúar. Áhugi minn á Lindinni er til kominn vegna þess að ég hef verið styrktaraðili stöðvarinnar frá upphafi. Þegar ég hlusta á Lindina heyrir ég Guðs orð, tek þátt í kristnu samfélagi og hlusta á kristilega tónlist. Mig langar að vita hvort kristileg útvarpsstöð hafi jákvæð áhrif á hlustendur og um leið að einhverju leyti á samfélagið.

Guðfræðin sem birtist hjá Lindinni er skoðuð. Allir landsmenn geta hlustað á útvarpsstöðina hvar á landinu sem er, bæði í gegn um útvarp og á netinu ef áhugi fyrir hendi. Ég gerði könnun meðal styrktaraðila og vina útvarpsstöðvarinnar og geri grein fyrir niðurstöðum hennar. Könnunin er því miður ekki marktæk eða 60 svör af ca. 700 mögulegum en hún gefur mynd af viðhorfum hlustenda og hvaða þýðingu það hefur að geta hlustað á kristilega útvarpsstöð.

Skoðuð er skýrsla og niðurstöður rannsókna sem gerðar voru í Ástralíu um ágæti samfélagslegs útvarps einkum kristilegs og tilgang þess í samfélagi sem býr við afhelgunartilhneigingar. Niðurstöðurnar sem þar koma fram eru skoðaðar í samhengi við íslenskan veruleika. Þá er vitnað örlítið í meistara ritgerð Lenu Skattum frá Háskólanum í Osló. Leiðbeinandi hennar, Knut Lundby prófessor, sendi mér ritgerðina en dr. Pétur Pétursson benti mér á að hafa samband við hann. Ég vitna jafnframt í doktorsritgerðir dr. Péturs og greinaskrif. Dr. Þorbjörn Broddason aðstoðaði mig við efnistöð í fyrsta hluta ritgerðarinnar og benti mér á bækur um fjölmiðlun sem ég vísa í, að auki fékk ég aðstoð frá Hilmari Thor Bjarnasyni og Bjarna Randveri Sigurvinssyni varðandi heimildaleit. Ekki eru til heimildir um útvarpsstöðina Lindina aðrar en þær sem er að finna í blaðagreinum og upplýsingum af vefsíðu Lindarinnar og úr sjónvarpsþáttum. Örlítið er um munnlegar heimildir í ritgerðinni.

Að lokum reyni ég að svara spurningunni hvort þörf sé fyrir kristilegu útvarpsstöðina Lindina í íslensku samfélagi.

# 1. Trúboð og kristilegt útvarp á Akureyri

Í gegn um tíðina hafa reglulega komið til Íslands trúboðar sem vilja færa landsmenn nær skapara sínum. Einkum hafa það verið trúboðar frá trúfélögum sem ekki tilheyra þjóðkirkjum. Venja trúboðanna hefur þá verið að tala við fólk ýmist á fundum eða með heimsóknum og með því að dreifa upplýsingum á prentuðu máli. Það kvað við annan og nútímalegri tón með hugmyndum trúboða sem kom hingað til lands, því fyrir honum vakti að gera líf og lífsskilyrði Íslendinga vænlegra og það hafði hann hugsað sér meðal annars að gera með því að setja á laggirnar útvarpsstöð til viðbótar við að gefa út kristilega mánaðarritið *Norðurljósið*.

## 1.1 Arthur C. Gook (1883–1959)

Árið 1905 kom hingað nýr trúboði, ungur maður að nafni Arthur Gook frá plymouthbræðrasamfélaginu í Bretlandi ásamt konu sinni. Hann settist að á Akureyri þar sem hann starfaði við *Sjónarhæðarsöfnuðinn*. Áður höfðu trúboðar frá þessu samfélagi verið með samkomur á Akureyri í nánun samstarfi við samskonar samfélag á Ísafirði þar sem James K. Niesbet trúboði starfaði. Gook bjó hér í fimm áratugi en dvaldi einnig langdvölum erlendis á þeim tíma. Gook predikaði um persónulega frelsun og áherslur hans voru á bókstafstrú og vakningatrúboð. Hann óskaði eftir samstarfi við kirkjur og samfélög enda leit hann á sjálfan sig sem frjálstan predikara en slíkt samstarf var nánast ómögulegt vegna áherslu hans á niðurdýfingarskírni<sup>1</sup>.

Úr hópi þeirra sem sóttu samkomur hjá söfnuðinum á Sjónarhæð var Ásmundur Einarsson fyrsti Íslendingurinn sem veitti síðar hvítasunnusöfnuði forstöðu<sup>2</sup>. Sú staðreynd tengir óbeint útvarpsstöðina Lindina við Gook, það er að segja að Mike og Sheila Fitzgerald sem reka Lindina í dag tilheyra hvítasunnusöfnuði og Ásmundur var fyrst í *Sjónarhæðarsöfnuðinum* áður en hann gekk í hvítasunnusöfnuð. Tengingin er nokkuð langsótt en skemmtileg.

Gook var menntaður hómópati og ætla má að hann hafi náð góðum tengslum og komið á vinsamlegum samskiptum við fólk í starfi sínu sem slíkur. Hann gat boðið upp á meðferðir eða remedíur við sjúkdómum aðrar en þær er fólk átti almennt að venjast. Því hefur fólk leitað til hans og án efa fengið að heyra fagnaðarboðskapinn í leiðinni. Árið 1926 staðfesti Kirkjumálaráðuneytið Gook sem forstöðumann *Sjónarhæðasafnaðarins* en í þeim söfnuði hafði Gook starfað frá komu sinni til Íslands. Áður hafði hann hafið útgáfu mánaðarblaðsins

---

<sup>1</sup> Pétur Pétursson 1990:47,48

<sup>2</sup> Pétur Pétursson 1990:48



*Norðurljósið* árið 1912. Gook var ritstjóri blaðsins og hafði lært ágæta íslensku<sup>3</sup>. Í fyrsta tölublaði *Norðurljóssins* skrifar Gook:

„Um leið og þetta nýja blað kemur fyrir almenningssjónir, ætlum vjér [sic] að gera glögga grein fyrir útkomu þess og tilgangi. Ætlun þess er að vera heimilisblað til að fræða, göfga og blessa hvern einstakan á heimilinu. Vjér vitum vel að þessu háleita takmarki verður aldrei náð, nema blaðið standi á kristilegum grundvelli“ (*Norðurljósið* 1. árg. 1.tbl. 1912 bls.2).

Gook var einnig afkastamikill höfundur og skrifaði bæði á ensku og íslensku. Eftir að Gook flytur aftur til Bretlands aldraður maður tók hann til við að þýða *Passíusálma* Hallgríms Péturssonar yfir á enska tungu og tókst honum að ljúka því vandasama starfi stuttu áður en hann féll frá árið 1959. Var handriti *Passíusálmaþýðingarinnar* og útgáfurétti ánaðnað Hallgrímsskirkju í Reykjavík<sup>4</sup>.

## 1.2 Útvarpsstöð handa Íslendingum

Þegar Gook var á ferðalagi um Bretland veturinn 1923-1924 þar sem hann hafði tækifæri til að kynna Ísland og íslenska menningu fyrir Bretum. Þar skrifaði hann jafnframt blaðgrein þar sem hann lýsti lífsskilyrðum Íslendinga sem erfiðum og að lausnin á þeim erfiðleikum væri hugsanlega sú að setja á stofn útvarpsstöð. Ekkja nokkur þar í landi las umrædda blaðgrein og fékk mikinn áhuga á málinu. Hún setti sig í samband við Gook og vildi styrkja hann ef aðrir gerðu það líka og í framhaldinu seldi ekkjan hús sem hún átti og lét Gook hafa andvirðið til þess að hann gæti fjármagnað útvarpsstöð á Íslandi. Gook segir svo frá í *Norðurljósinu* að hann hafi ekki þekkt neitt til ekkjunnar áður en að hún væri góð og guðhrædd kona sem hafði verið að hugsa sér að selja umrætt hús til þess að styðja gott fyrirtæki. Hann segist vera sannfærður um að það sé Guðs vilji að þessu mikla verki verði komið í framkvæmd. Stöðinni á að koma fyrir á Akureyri og um er að ræða stórgjöf (*Norðurljósið* 9. árg. 1.tbl. 1925 bls.2).

Fram kemur í *Lögrjéttu* [sic] að umsókn liggi fyrir frá Arthur Gook um að setja upp víðboð á eigin kostnað og að hann hafi ekki hugsað sér að fá einkarétt á útvarpsrekstri né sé stöðin fyrirtæki til að græða á. Fyrst og fremst skuli víðboðið notað í þjónustu boðskapar Gook enda sé hann trúboði á Akureyri. Greinarhöfundur tekur fram að útvarpi muni fylgja hávaði og hégómi en ef vel er farið með þá geti það verið merkilegur menningarauki

---

<sup>3</sup> Eiríkur Magnússon 2010

<sup>4</sup> [http://www.astjorn.is/arthur\\_gook.html](http://www.astjorn.is/arthur_gook.html)

(Lögrjétt. 20.árg.9.tbl.1925 bls.1). Á Íslandi hafði engin útvarpsstöð tekið til starfa á þessum tíma en fyrir Alþingi lá umsókn Ottós B. Arnar um sérleyfi til 15 ára um rekstur víðboðs<sup>5</sup>. Í grein árinu á undan sem birtist í *Morgunblaðinu* undir heitinu Víðboðið: Framtíð þess á Íslandi, er ljóst að menn hafa gert sér grein fyrir því að landinn þyrfti á upplýftingu að halda:

„Íslenska þjóðin þarfnast meiri upplýftingar og hollra skemtana [sic] til þess að lyfta andanum upp úr hörmunga og svartskýnisfeni því sem við erum að sökkva í“ (Morgunblaðið. 11.árg.132 tbl. 8.apríl 1924).

Dagskráin hjá Ottó var ekki ósvipuð þeirri sem Gook ætlaði að hafa í sínu útvarpi, innlendar og erlendar fréttir, fréttir af veðri, erindi og sögur, hljóðfærsláttur og söngur, auk guðsþjónustu á sunnudögum og tungumálakennslu. En gjald skyldi lagt á landsmenn fyrir þessa þjónustu. Gook hafði þau áform að koma móttökutækjum upp á ýmsum stöðum á landinu til dæmis í samkomuhúsum þar sem fólk gæti safnast saman til að hlusta. Hann segist ekki í neinum vafa um að radió eigi sér framtíð hér á landi eins og annarsstaðar. Á þessum tímamarki hefur Gook sótt um leyfi og er vongóður um að það fáist á komandi þingi og tekur fram að ekki hafi verið farið fram á neitt einkaleyfi (Norðurljósið 9. árg. 1.tbl. 1925 bls.2).

### 1.3 Útvarpsleyfi og tafir

Í grein í blaðinu sem kom út í febrúar 1925 skrifar Gook að líklega fáist ekki leyfi til að setja upp víðboðsstöð á Akureyri fyrr en í mars eða apríl og segir þar einnig frá því að fjölmennur þingmálafundur hafi verið haldinn þar sem samþykkt var áskorun til Alþingis um að veita leyfið (Norðurljósið 9. árg. 2.- 3. tbl. 1925 bls.8). Líklegt má telja að sú áskorun hafi haft áhrif á að leyfið fékkst að lokum. Ritstjórinn segir svo frá því að leyfi hafi fengist til að útvarpsrekstursins og að skilyrðin séu sanngjörn og allt bendi til þess að gott samkomulag muni vera við þá aðila sem hlut eiga að máli. (Norðurljósið 9. árg. 5.- 6. tbl. 1925 bls. 20).

Gook skrifar í grein í *Norðurljósinu* að það taki verksmiðjurnar sem áttu að smíða tækin lengri tíma en ætlað hafði verið því muni útvarpsstöðin ekki koma til landsins fyrr en í janúar 1926. Fjármuni virðist vanta en Gook er sannfærður um að Drottinn muni senda fé og bætir við að það muni taka tíma að reisa stöðina þegar hún loks kemur, svo að nægur tími sé enn til að afla fjár til kaupa á viðtækjum (Norðurljósið 9. árg.7.-8. tbl. 1925 bls. 28).

Í athugasemdadálki blaðsins frá því í maí 1926 kemur fram að mikill dráttur hafi orðið á málinu en þar sem hann (Gook) sé á leið erlendis vonist hann eftir því að geta flýtt fyrir því þar. Kostnaðurinn sé mikill og sjóðurinn tómur. En hann vonar enn að unnt verði að setja

---

<sup>5</sup>Erindi 1925. [http://www.althingi.is/eldri\\_erindi/html/erinde37.html](http://www.althingi.is/eldri_erindi/html/erinde37.html)

stöðina upp á Akureyri eins og fyrirhugað var (Norðurljósið 10.árg. 5.- 6.tbl. 1926 bls. 24).

Það er svo í júlí sama ár að Gook ritar í blað sitt að fé hafi fengist til verksins þegar hann var í Englandi og að stöðin sé næstum fullgerð og býst hann við að hún komi til landsins eftir nýárið (Norðurljósið 10.árg.7.- 8.tbl. 1926 bls. 32). Það er hins vegar ekki fyrr en árið eftir að Gook segir frá því að stöðin sé komin. Í sömu grein talar hann aftur um að sjóðurinn sé tæmdur og segir að ef hann hefði vitað í upphafi hve mikil vinna fylgdi þessari fyrirætlun hefði hann vart haft áráði til að hrinda henni í framkvæmd. Hann segir að Drottinn hafi hjálpað þeim og þá langi til þess að stöðin verði Guði til dýrðar og flestum til blessunar (Norðurljósið 11.árg.7.- 8.tbl. 1927 bls.31). Ljóst er að allur kosnaður og umfang er mun meira en Gook hafði í upphafi áætlað að væri.

#### **1.4 Endurgjaldslaust og til ánægju**

Gook minnir á að þeir sendi útvarp sitt út endurgjaldslaust, menn ættu því að kaupa móttökustöðvarnar af honum, hann muni útvega slík tæki fyrir lægsta verð og bætir við að það sé ekki nema sanngjarnt að þeir sem ætli að hlusta á útvarpið þeirra endurgjaldslaust kaupi tækin frá sjálfri útvarpsstöðinni og greiði þar með atkvæði sitt um að þeir vilji að stöðin verði sem fullkornust á meðan aðrir sem kaupa tækin sín annarsstaðar séu þá í raun að greiða atkvæði á móti þeirri hugmynd. Í sömu grein svarar hann því sem margir höfðu spurt hann um, hverju eigi að útvarpa. Svar hans er á þá leið að útvarpið eigi að vera flestum til ánægju, það verði ekki í samkeppni við aðra sem veita fólki skemmtun, þarna verði boðið upp á veðurfregnir, fréttir frá útlöndum auk innlendra fréttar og nefnir að þannig fái menn nýrri fréttir en áður hafi þekkst. Þá verði orgelspil, hljóðfærsláttur og söngur auk þess hafi hann áhuga á að lesa kafla úr íslenskum tímaritum og blöðum þegar um verður að ræða skrif um velferðarmál. Gook er stórhuga og nefnir enskukennslu komi slík ósk fram og að stutt guðsþjónusta verði á sunnudögum og auk þess hafi hann lofað að lesa upp tilkynningar frá yfirvöldum (Norðurljósið 11.árg.7.-8.tbl.1927 bls.31).

#### **1.5 Prufukeysla, fjársöfnun og erfiðleikar**

Þegar tækin fyrir stöðina komu loks til landsins voru þau prufukeyrð en rafstöð bæjarins var ófullnægjandi. Straumurinn var óstöðugur og hafði slæm áhrif á stóru lampana í útvarpstækjunum. Það fari því eftir því hvernig rennsli Glerár verði hvenær þeir geti útvarpað á nýjan leik. Frost og ís í ánni hafi slæm áhrif á getu vatnsins til þess að framleiða nægilegt rafmagn. Gook hafði radiófræðing sér til aðstoðar, sá var farinn til Englands til þess að útvega tæki og Gook vonast til að þar safnist peningar til verksins í auðan sjóðinn og enn biðlar hann

til fólks að kaupa viðtækin sem hann hefur þegar keypt. (Norðurljósið 11.árg. 9.-10.tbl. 1927 bls.40). Í næsta tölublaði á eftir er sagt frá því að ónefndir hafi gefið 50 krónur til útvarpsstöðvarinnar, þakkar ritstjórinn þessum vinum gjöfina með því að vísa í Biblíuna, sem þá er vilja vera „samverkamenn sannleikans“ (3.Jóh.8). Í athugasemd segist Gook vonast til þess að hægt verði að fara að útvarpa reglulega (Norðurljósið 11.árg.11.-12.tbl.1927 bls.48).

Síðan kom ekki blað út fyrr en 1929 og þar lætur Gook lesendur sína vita að enn sé verið að bíða eftir tækjum frá Englandi, dínamó og rafali, svo hægt verði að útvega stöðinni jafnari straum. Fé hafi safnast þar og því hafi verið hægt að kaupa tækin sem von væri á til landsins. Raffræðingur hefur boðist til að koma og hjálpa til við uppsetningu tækjanna. Hann segir of snemmt að spá um hvenær hægt verði að hefja útsendingar (Norðurljósið 12.árg.1.-2.tbl.1929 bls.7). Gook segir að þolinmæðin sé ómaksins verð loks þegar stöðin fari að útvarpa reglulega. Þegar útsendingar stöðvarinnar voru prufukeyrðar var dagskráin samansett af frétttaflutningi, tónlist leikinni af hljómplötum, vitnisburðum og predikunum ásamt því að útvarpað var frá samkomum. Útsendingar náðust langt út fyrir Ísland til dæmis alla leið til Ástralíu<sup>6</sup>.

Í grein í blaðinu um haustið segir Gook að hann voni að nú verði hægt að fara að útvarpa reglulega en margt hafi komið upp á bæði stórt og smátt til að tefja fyrir, en ýmsar umbætur hafi verið gerðar á tækjunum og nú sé straumurinn stöðugur (Norðurljósið 12.árg.9.-10.tbl.1929 bls.40).

Það virðist hins vegar vera að ekki gangi nógu vel að koma stöðinni í starfshæft ástand en Gook skrifar í grein í *Norðurljósinu* að um sé að kenna veikindum radíómansins. Þar segir hann líka frá því að á þeim tíma sem liðinn er frá því að stöðin fékk starfsleyfi hafi margt breyst meðal annars séu komnar alþjóðasamþykktir um nýjar öldulengdir (bylgjulengdir) svo að nú þurfi að sækja um leyfi aftur í samræmi við nýjar reglur og ákvæði. Gook er vongóður um að stöðin fari í loftið um leið og nýtt leyfi hefur fengist, hann virðist reikna með því að það verði ekki vandkvæðum bundið að fá nýtt leyfi (Norðurljósið 13.árg.1.-2.tbl.1930 bls.8).

Því miður var útvarpsleyfið afturkallað og fékkst af einhverjum ástæðum ekki til baka. Í dagbókarbroti frá 1931 segir Gook að útvarpsmálið sé komið í nefnd og að nefndin sé klofin. Hann heyrði svo að málið hafi verið tekið af dagskrá<sup>7</sup>. Gook varð þetta slíkt áfall að hann

---

<sup>6</sup> Eiríkur Magnússon 2010

<sup>7</sup> Þóra Guðrún Pálsdóttir 2011

minntist aldrei framar á útvarpsstöðina hvorki í ræðu né riti og líta má á að stjórnvöld hafi lítilsvirt alla þá sem að málinu komu<sup>8</sup>.

## 1.6 Endalok útvarpsdraums Gook?

Í mánaðarblaðinu *Norðurljós* er þessum málalokum ekki gerð skil eftir því sem ég fæ best séð. Ekki er hægt að fullyrða um neitt er varðar þá ákvörðun þingsins að endurnýja ekki leyfið til Gook þó megi líklega ætla að ekki hafi verið vilji fyrir því að tvær útvarpsstöðvar væru á Íslandi á þessum tíma og að Gook hafi verið fórnarlamb þeirrar stefnu. Það getur verið að ríkisstjórninni hafi ekki þótt hagkvæmt að vera með aðra stöð staðsetta á Norðurlandi með svipaða dagskrá, þar að auki stöð sem ekki þyrfti að greiða afnotagjöld fyrir.

Otto B. Arnar fékk síðla árs 1926 leyfi til að reka víðboð og telst hann vera merkur frumherji í útvarpsmálum þó ekki hafi rekstur stöðvarinnar gengið sem skyldi því Íslendingar áttu aðeins um 500-600 tæki. Ríkisstjórnin fékk heimild með lögum 1928 og 1930 til að reka útvarp og var það kallað Útvarpsstöð Íslands í Reykjavík en árið 1934 fékk það svo nafnið sem allir kannast við, Ríkisútvarpið<sup>9</sup>.

Augljóst er að Gook var stórhuga maður sem hafði mikla löngun til þess að guðsorð, fréttir og ýmis fræðsla mætti heyrast á hverju heimili. Ekki er loku fyrir það skotið að áhugi Gook á að koma upp útvarpi á Íslandi hafi flýtt fyrir því að Útvarpsstöð Íslands var sett á laggirnar og þar með hafi draumur Gook að sumu leyti ræst, ef litið er til þeirra ástæðna sem hann gaf í upphafi fyrir útvarpsstöð, að lífsskilyrði Íslendinga væru erfið og að lausnin á þeim erfiðleikum væri hugsanlega sú að setja á stofn útvarpsstöð.

Það er hæpið að gefa Ottó B. Arnar einum nafnbótina merkur frumkvöðull. Arthur C. Gook er ekki síður merkur frumkvöðull, og þó útvarpsleyfi hans hafi ekki fengist endurnýjað, að því að mér virðist af pólitískum ástæðum, má ætla að öll hans barátta hafi virkað hvetjandi á stofnun annarrar útvarpsstöðvar á Íslandi.

## 1.7 Halldór Kiljan Laxnes skopast

Um það leyti sem Gook er að hefja tilraunir með útvarpsrekstur skrifar Halldór Kiljan Laxnes grein sem birtist í íhaldsflokksblaðinu *Verði* þar sem hann segist hafa fundið lausn á vandamálum íslenskrar þjóðkirkju. Nú skuli nota víðboðið, fónninn skuli inn á öll heimili í landinu, þá verði hægt að rífa niður kirkjur, leggja niður prestsembættin og ekki þyrfti nema einn predikara á landinu, sá gæti setið á Kolviðarhóli og predikað ef þar væri komið fyrir öflugri sendistöð, af þessu hlytist mikill launasparnaður og kirkjurnar, þessi sorglegu tómhýsi,

---

<sup>8</sup>Jón Hilmar Magnússon

<sup>9</sup>Þorbjörn Broddason 2005

væru úr sögunni. Í staðinn mætti gera meira fyrir óskabörn þjóðarinnar, til dæmis háskólann (Vörður 2.árg.50.tbl. 1924 bls.4).

Halldór hefur ekki orð á því hvernig þessi eini predikari, væntanlega á hann þar við prestlærðan mann, ætti að sjá um þá þjónustu sem kirkjan hafði á höndum, að skíra börn, ferma, gefa saman í hjónaband og jarða. Hann hefur kannski haft í huga að hægt væri að taka aftur upp staurasetningar<sup>10</sup> og að presturinn ferðaðist um landið einu sinni á ári og sinnti þá embættisverkum sínum.

Skrifin hafa að sjálfsgögðu átt að vera háð og grín hjá Halldóri frekar en alvöru hugmynd en eflaust má segja að hann hafi að sumu leyti verið að ögra þeim föstu skorðum sem þjóðkirkjan var í og gefa þeirri hugmynd óafvitandi byr undir báða vængi, að kristlegt útvarp ætti rétt á sér í íslensku samfélagi, að minnsta kosti þegar fram liðu stundir. Þó hugmyndir Halldórs og Gook um útvarp komi fram á svipuðum tíma, er ekki vitað hvort þeir hafi kveikt hugmyndir hvor hjá öðrum.

## 1.8 Breyttir tímar

Árið 1985 var einokunarstaða *Ríkisútvarpsins* afnumin. Í almennu Útvarpslögnum (2000 nr.53 17.maí) er vikið að skyldum einkaútvarpsstöðva, en þar segir:

„Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Þó skal heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku (7.gr.)“.

„Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum. Þó skal útvarpsstöð, sem fengið hefur útvarpsleyfi í þeim yfirlýsta tilgangi að beita sér fyrir tilteknum málstað, vera óskyld að flytja dagskrárefni sem gengur í berhögg við stefnu stöðvarinnar (9.gr.)“<sup>11</sup>.

Áratugir liðu þar til kristileg útvarpsstöð kom aftur við sögu. Það er ekki fyrr en árið 1986 þegar Eiríkur Sigurbjörnsson hóf rekstur *Alfa*, kristilegrar útvarpsstöðvar í Reykjavík. Undir hans stjórn var stöðin rekin í rúm tvö ár en þá tóku nokkrir kristnir söfnuðir við rekstrinum og keyptu auk þess aðra útvarpsstöð, *Stjörnuna* og var stöðin rekin undir því nafni um tíma<sup>12</sup>.

<sup>10</sup> Staur var settur lóðréttur niður með kistu í gröfina. Gert þar sem prestur komst ekki fyrr en seinna til að jarða.

<sup>11</sup> Þorbjörn Broddason 2005

<sup>12</sup> Eiríkur Magnússon 2010

Aðrar stöðvar komu fram en gerðu stuttan stans og verður þeirra ekki getið hér.

Á vegum Boðunarkirkjunnar er rekin útvarpsstöðin *Útvarp boðun*. Á vefsíðu Boðunarkirkjunnar kemur fram að kirkjan sé fríkirkja og evangelísk mótmælendakirkja sem leitast við að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist. Allt starf þeirra og þar með talið útvarpið er fjármagnað með frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja<sup>13</sup>. *Lindin, fjölmiðlun, útvarp* hóf starfsemi sína í núverandi mynd árið 1995 og á það sameiginlegt með *Útvarpi boðun* að vera fjármögnuð með styrktarfé. Aðstandendur kristilegu stöðvanna eiga það sameiginlegt með Arthur Gook að vilja fræða þjóðina um Jesú Krist.

---

<sup>13</sup> <http://bodunarkirkjan.is/sofnudurinn.htm>

## 2. Fræðakafli

Kristilegu stöðvarnar hafa ekki orðið fyrir gagnrýni þó þær dragi taum eigenda sinna. En við hér á landi höfum vissulega orðið vör við óánægju vegna hlutfalla í eignarhaldi fjölmiðla og hvernig eigendur gætu hugsanlega haft áhrif á hvað er flutt í þeim fjölmiðlum. Þann 20. apríl 2011 voru ný fjölmiðlalög samþykkt frá Alþingi. Í markmiðum með nýjum fjölmiðlalögum segir:

„Markmið laga þessara er að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi. Markmið laganna er jafnframt að koma á samræmdri löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar óháð því miðlunarformi sem er notað“<sup>14</sup>.

Þeir sem eiga fjölmiðil og þeir sem styrkja fjölmiðil hafa áhrif á efnið sem þar er borið fram enda má gera ráð fyrir því að efnið sé innan áhugasviðs þeirra. Vissulega eru mörg ólík form eignarhalds til og vald eigenda notað á mismunandi hátt. Flestir fjölmiðlar eru fjármagnaðir af öðrum en eigendum þeirra og leiðir til þess að áhrifin á fjölmiðilinn geta verið margskonar. Frjálslyndar kenningar draga þá ályktun að hægt sé að greina á milli eigenda og ritstjórnar þegar kemur að ákvarðanatöku um efni fjölmiðla<sup>15</sup>.

### 2.1 Heimfærsla og markmið fjölmiðils

Að flestu leyti er hægt að heimfæra það sem McQail skrifar upp á útvarpsstöðina Lindina einkum er snýr að styrktaraðilum, varla væru þeir að styrkja stöðina nema vegna þess að efni hennar er þeim þóknanlegt og innan þeirra áhugasviðs. Þar sem fjármögnun Lindarinnar kemur frá styrktaraðilum sem eru einstaklingar, kirkjur og fyrirtæki, en að baki þeirra eru að sjálfsögðu einstaklingar, má ætla að dagskráin þjóni trúarskoðunum þeirra og að dagskráin sé miðuð við það. Enda var útvarpsstöðin frá upphafi með ákveðna stefnu sem styrktaraðilar hafa kosið að samþykkja með því að gerast styrktaraðilar en hafa samt um leið haft áhrif á efni stöðvarinnar, einkum með tilliti til tónlistar sem þar er leikin sem og einstakra þátta, því dagskráin tekur talsvert mið af því að fólk á mismunandi aldri hlustar á Lindina.

Með frjálsum framlögum ákvarðar fólk sjálf hvað það gerir við peningana sína og það er góð tilfinning að leggja hluta af þeim til málefni sem snertir við hjörtum manna og jafnvel breytir lífum til hins betra. Ótal sögur eru til um það hvaða áhrif það hefur haft á fólk að heyra

<sup>14</sup> <http://www.althingi.is/altxt/stjt/2011.038.html>.

<sup>15</sup> Denis McQail 2010



guðsorð í útvarpinu, sumir hafa jafnvel alveg óvart stillt á Lindina en það hefur skipt sköpum fyrir þau á þeim tíma.

Megin markmið fjölmiðils er hagnaður, félagsleg áhrif og virðing, fjölgun áheyrenda/áhorfenda/lesenda, að þjóna hagsmunum almennings og ákveðin skilgreind markmið<sup>16</sup>.

Allt á þetta við um Lindina þó síst að markmiðið sé hagnaður, nema í þeim skilningi að hagnaður sé notaður til að efla útvarpsstöðina, fjölga sendum út um land og auðga dagskrána með aðkeyptum þáttum eða þáttastjórnendum til þess að höfða til fleiri hlustenda. Þeir sem styrkja Lindina trúa á mikilvægi þess að þjóðin eigi kost á því að hlusta á jákvæðan og öflugan boðskap bæði í tónlist og tali<sup>17</sup>.

Sheila Fitzgerald segir að markmiðið sé að senda lofgjörð út til þjóðarinnar nótt og dag og svarar því til þegar hún er spurð að því hvernig þau geti láti þetta ganga upp: „Guð sér um þetta og þetta er náð Guðs“ og hún líkir sendingarmöstrunum um landið við múra utan um borg þar sem íbúarnir geta verið öruggir og nefndi í því sambandi rit Nehemía í Gamla testamentinu<sup>18</sup> (Neh.6.15).

## 2.2 Rannsóknir frá Ástralíu. Velmegun og afhelgun

Árið 2006 í Ástralíu var gerð skýrsla á vegum *Association of Christian Broadcasters* um samtökin og um *Christian Community Broadcasting*. Þar kemur fram að kristilegar útvarpsstöðvar eru oftast þær einu sem bjóða hlustendum upp á annað sjónarhorn á lífið og tilveruna en það sem fram kemur hjá öðrum útvarpsstöðvum sem eru oftast en ekki bundnar af stjórnmalaskoðunum eigenda sinna og gróðasjónarmiðum. Hlutverk stöðvanna er talið jákvætt vegna þess að:

„Kristni hefur haft áhrif til góða og er grundvöllur lagasetninga í vestrænum samfélögum ásamt því að vera sú hugmyndafræði sem sjúkrastofnanir og menntunarstofnanir byggja starfsemi sína á, það er því trú skýrsluhöfunda að kristilegt útvarp hafi góð áhrif á samfélagið í heild. Talið er að um 15 milljónir manna hlusti á kristilegu útvarpsstöðvarnar í Ástralíu. Samtök kristinna útvarpsstöðva álíta að útvarpið sem slíkt sé mikilvægasta samskiptatækið sem völ er á í dag. Það sé til dæmis boðið upp á sálgæslu, fólk getur hringt í númer hjá

<sup>16</sup> Denis McQuail 2010 bls. 283

<sup>17</sup> www.lindin.is 2011

<sup>18</sup> www.lindin.tv.is

stöðvunum þar sem það fær aðstoð og á heildina litið séu þessar útvarpsstöðvar að hvetja til heilbrigðs lífsstíls, jákvæðni og fjölskyldugilda<sup>19</sup>.

Kristilegu útvarpsstöðvarnar í Ástralíu eru að stórum hluta bornar uppi af stuðningsaðilum og gjafafé en þiggja ekki opinbera styrki. Sama er að segja um kristilegu útvarpsstöðina Lindina, eins má hugsa sér að hún hafi samfélagslegu hlutverki að gegna og það hlutverk stækkar eftir því sem fleiri hlusta á útvarp stöðvarinnar. Stöðin hvetur fólk til jákvæðni ásamt því að hafa að megin markmiði að kynna fólk fyrir Jesú Kristi og að vera vettvangur þar sem kristnir menn geta beint eða óbeint tekið þátt í kristnu samfélagi.

Í annarri rannsókn *Spirituality and Wellbeing in Australia* (Kaldor, Huges, Castle, Bellamy 2004) sem gerð var og vitnað er til í áströlsku skýrslunni, kemur fram að þeir sem eru andlega sinnaðir virðast njóta almennrar velmegunar/vellíðunar (wellbeing). Hvatt er til þess í skýrslunni að þeir sem vilja afhelgun á öllum sviðum líti til þess hvaða áhrif andleg málefni eins og trú hefur á velmegunar/vellíðan Ástrala, sérstaklega í þeim þáttum sem snúa að tilgangi lífsins og umhyggju fyrir öðrum. Þar er lýst þeim áhyggjum að trúarlíf í Ástralíu sé að dragast saman. Skýrsluhöfundar spyrja hvort þjóðin sé að tapa þeirri velmegun/vellíðan sem áður var einhvers virði bæði fyrir einstaklinga og samfélagið í heild sinni<sup>20</sup>.

Þetta er mjög áhugaverð athugasemd og ef hún er sett í íslenskt samhengi má spyrja hvort eitthvað slíkt sé að gerast í okkar þjóðfélagi, þar sem afhelgun/sekularisering er „ferli þar sem trúarbrögð tapa áhrifum sínum á samfélög“<sup>21</sup>. Nægir að nefna í því samhengi að kristilegt starf innan grunnskóla er nánast orðið að feimnismáli. Mun samdráttur kristilegs starfs hafa þau áhrif að samkennd með náunganum fer þverrandi? Því verður ekki svarað í þessari ritgerð.

Dr. Pétur Pétursson segir að vandinn við margar kenningar um afhelgun sé sá að þær séu of abstrakt og það sem sumir kenningasmiðir útskýra sem afhelgun taki aðrir kenningasmiðir ekki undir. Þó trúarstofnanir missi að einhverju leyti áhrif sín er ekki þar með sagt að trúin í samfélaginu fari þverrandi<sup>22</sup>.

Lena Skattum segir í MA ritgerð sinni að afhelgun sé söguleg þróun sem nái yfir mörg hundruð ár og sé ekkert endilega þess eðlis að samfélagið dragi sig alfarið frá kirkjunni. Hún segir það ekki rétt að einblína á mátt kirkjunnar í samfélaginu þegar útskýra eigi afhelgun samfélagsins. Í dag sjáist viss endurreisn á áhuga manna á trúmálum. Í afhelgun er þörf fyrir

---

<sup>19</sup> <http://www.aph.gov.au>.

<sup>20</sup> <http://www.aph.gov.au>.

<sup>21</sup> Ian Robertson 1981.

<sup>22</sup> Pétur Pétursson 1990.

að útskýra allt sem er yfirnáttúrulegt og dularfullt og því hafi þeirri hlið trúarbragða verið ýtt út á jaðarinn og gert trú að persónulegra athæfi en áður var<sup>23</sup>.

Álit dr. Péturs og Lenu kemur að nokkru leyti heim og saman við það sem ég las í útdrætti BA ritgerðar í guðfræði- og trúarbragadeild en þar kemur fram áhugaverður punktur varðandi sálgæsluhlutverk kirkna á Vesturlöndum og ég get ekki annað séð en að trú sem persónulegt athæfi geti einnig verið angi af sálgæslu bæði fyrir þann sem hana veitir og þann sem hana þiggur og þó ítök trúarstofnana séu ekki eins mikil og áður lifir trúin góðu lífi:

„Þó svo að vestræn samfélög hafi ekki afhelgast eins og fræðimenn spáðu hefur orðið aðgreining milli sviða, áhrif kirkna hafa minnkað og fjölhyggja er meira áberandi. Kirkjur og trúfélög hafa því snúið sér að grunnstarfsemi sinni, sálgæslu, sem hefur þann kost að miðla lífssýn og geta rætt tilgangs- og tilvistarspurningar“<sup>24</sup>

Þegar kirkjur og trúfélög snúa sér frekar að grunnstarfsemi sinni minnir það að mörgu leyti á það starf sem Lindinni er að gera það er að segja að sinna náunganum í neyð hans. Það er ekki svo ólíkleg samlíking, þar á bæ er kristinn boðskapur og náungakærleikur efst á blaði og þar er auk þess ákveðinni lífssýn miðlað og þar fer vissulega fram sálgæsla og umgjörðin er skýr.

Í grein á vefsíðunni [www.tru.is](http://www.tru.is) sem nefnist „*Að hlaupast undan merkjum*“ skrifar dr. Pétur Pétursson: „Trúin er persónulegt mál, en umgjörð hennar og innihald er samt sem áður veruleiki sem skiptir samfélagið miklu máli“<sup>25</sup>. Hér er dr. Pétur að skrifa um trú og kirkjuskipan í nýju stjórnarskrárdögnum en mér finnst setningin hitta naglann á höfuðið og eiga vel við í umfjöllun um afhelgun og grunnstarfsemi kirkna, sálgæslunni og því hlutverki sem útvarpsstöðin Lindin hefur að gegna í samfélaginu.

### 2.3 Samfélag og fjölbreytni

Árið 2009 var sett á laggirnar bænaátak hjá útvarpsstöðinni Lindinni „*Skipað í skarðið*“ þar sem lögð var áhersla á að beðið væri fyrir heimilum, kirkjum, skólum og íþróttahúsum, sjúkrahúsum og dvalar- og hjúkrunarheimilum, fyrirtækjum og stjórnvöldum. Gert var ráð fyrir að kristnir einstaklingar bæðu fyrir íbúum götunnar sinnar hvern fimmtudag allt árið auk þess sem enn má sjá á vef Lindarinnar hvernig mætti biðja fyrir bænarefninu. Á síðunni er eftirfarandi ritningargrein „Sæl er sú þjóð er á Drottin að Guði“ (Slm. 33:12). Aldraður hlustandi Lindarinnar sem ég ræddi við sagðist hafa haldið áfram með átakið og tæki á

<sup>23</sup> Lena Skattum 2008.

<sup>24</sup> Eva Björk Valdimarsdóttir 2010.

<sup>25</sup> <http://tru.is/pistlar/2011/07/a%C3%B0-hlaupast-undan-merkjum/> 2011

hverjum fimmtudegi fyrir götu í borginni og bæði fyrir íbúum hennar. Glöggst má sjá af þessu að tilraun Lindarinnar til að hvetja til virks bænasmfélags til góða fyrir samfélagið allt hafi borið ávöxt. Ekki er hægt að segja annað en að á Lindinni sé snert á öllum fletum mannlegrar tilveru og mannslegs samfélags og komi heim og saman við það sem fram kemur í áður nefndum skýrslum frá Ástralíu. Á vefsíðunni trúmál.is má sjá eftirfarandi:

„Þessi útvarpsstöð hefur blessað líf ótal einstaklinga á Íslandi og það er ekki annað hægt en að mæla með því að stilla reglulega á FM 102.9, hlusta á uppörvandi kristilega tónlist, biðja og taka tíma frá fyrir Guð. Lindin er ekki bara útvarpsstöð heldur hefur Lindin gefið út frábært efni á íslensku á geisladiskum, mynddiskum sem og í rituðu máli. Þá hefur Lindin alla tíð lagt ríka áherslu á bænalífið og þannig stuðlað verulega að uppbyggingu kristindómsins á Íslandi“<sup>26</sup>.

Smámiðill eins og Lindin getur svo sannarlega haft áhrif þó það sé ekki nema hluti landsmanna sem hlusti á stöðina að staðaldri. Miðilinn er ekki stór í sniðum en efnið sem þar er flutt er það svo sannarlega og hefur aukið við það efni sem hlustendum stendur tilboða á öldum ljósvakans. Íslendingar eru margir feimnir við að láta í ljós trúarþörf sína líkt og þeir telji það til veikleikamerkis en ég tel að hlustun sé nokkuð víðtæk því ég hef oft orðið vör við það í samtölum við fólk síðustu ár að margir stilla „óvart“ á Lindina og hlusta.

„Enginn vafi leikur á því að smámiðlarnir, bæði þeir, sem þegar eru í gangi, og hinir, sem eiga eftir að bætast við, munu auka á fjölbreytni fjölmiðlaheims Íslendinga og veita Ríkisútvarpinu holla samkeppni“<sup>27</sup>.

Þetta eru orð að sönnu. Ég hlusta meira á Lindina en aðrar stöðvar. Þar er verið að tala um Guð og hans orð og þar er áherslan lögð á að lyfta upp nafni Jesú Krists. Þarna er meira á ferðinni en orðin tóm og þau orð snerta við mér.

---

<sup>26</sup> <http://trumal.wordpress.com>

<sup>27</sup> Þorbjörn Broddason 1987

### 3. Lindin, fjölmiðlun, útlarp

Lindin er kristileg útlarpstöð á Íslandi sem hóf að starfsemi haustið 1994 undir stjórn Júlíusar Sveinssonar og félaga hans en þá var stöðin ekkert lík því sem hún er í dag, til dæmis hafði ekki verið sótt um leyfi til útlarpsrekstursins. Nokkrum mánuðum síðar eða í byrjun árs 1995 taka hjónin Mike og Sheila Fitzgerald við stöðinni og þá fóru hjólin að snúast og stöðin varð alvöru stöð með öll tilskilin leyfi. Hafa þau rekið hana síðan af miklum dugnaði og trúfesti.

Frétt í Morgunblaðinu 2. mars 1995 segir frá opnun stöðvarinnar og þar er rætt við Mike Fitzgerald. Þar kemur fram að stöðin sé rekin í samstarfi við hvítasunnuhreyfinguna á Íslandi og að Mike Fitzgerald hafi sjálfur greitt úr eigin vasa stofnfé stöðvarinnar og að auki hafi hvítasunnuhreyfingin *Assemblies of God*<sup>28</sup> lofað þriggja milljón króna framlagi til kaupa á tækjum. Sagan endurtekur sig, nú koma einnig fjármunir að utan.

Þegar Mike Fitzgerald hætti sem forstöðumaður í söfnuði í Bandaríkjunum til að koma hingað grunaði hann ekki að þau hjónin ættu eftir að reka hér kristilega útlarpsstöð en þau störfuðu með hvítasunnuhreyfingunni hér til að byrja með. Þegar Júlíus Sveinsson og félagar hans voru að byrja með útlarpsstöðina Lindina 1994 hjálpaði Mike Fitzgerald þeim við ýmislegt. Tóku þau hjónin síðan alfarið við stöðinni og í mars 1995 var fyrsta útsendingin hjá þeim<sup>29</sup>. Þetta kom fram í þætti hjá Verði Leví Traustasyni sem nefnist *Vatnaskil*. Þátturinn er frá árinu 2005 þegar Lindin var 10 ára. Þennan þátt og aðra þætti er hægt að skoða frá síðunni <http://vod.lindin.is/p/>. Saga Lindarinnar eins og sagt er frá henni í fréttabréfi Lindarinnar er saga um trúfesti Guðs og hans fólks. Þar segir að hvert vaxtarskref stöðvarinnar vitni um sýn, trú, helgun og kraftaverk.

#### 3.1 Fjölmiðladrúboð

Útlarpsstöðin Lindin er fjölmiðladrúboð og tónlistartrúboð að bandarískri fyrirmynd. Hún er rekin fyrir styrktarfé, bæði frá einstaklingum, kirkjum og fyrirtækjum. Guðfræði Lindarinnar byggir á guðfræði hvítasunnuhreyfingarinnar að því leyti að hún er mjög kristmiðlæg en á sama tíma er áherslum hvítasunnuhreyfingarinnar ekki haldið sérstaklega fram því Lindin vill vera þverkirkjulegt útlarp svo að allir geti notið þess að hlusta á útsendingar þaðan sama í hvaða kirkjudeild þeir eru. Það stendur öllum kirkjudeildum til boða að vera með útsendingar ef áhugi er fyrir því. Til dæmis hafa prestar íslensku þjóðkirkjunnar verið með pistla og einn þeirra sr. María Ágústsdóttir hefur verið með fasta þætti á Lindinni er nefnast *Að vaxa í trú*. Í

<sup>28</sup> Samkvæmt Dictionary of Pentecostal and Charismatic Movements er Assemblies of God stærsta og öflugasta hvítasunnuhreyfingin í heiminum. Hún var stofnuð í Hot Springs Arkansas árið 1914.

<sup>29</sup> lindin.tv 2011

þætti sr. Maríu hafa komið margir þjóðkirkjuprestar í viðtöl.

Á launaskrá eru þrír einstaklingar í fullu starfi og einn í hálfu starfi, auk þess starfa fjölmargir sjálfboðaliðar í lengri eða skemmri tíma á Lindinni, langan lista yfir þáttastjórnendur og dagskrárgerðamenn úr röðum sjálfboðaliðanna má sjá á heimasíðu Lindarinnar. Það er stórkostlegt að sjá hve margir eru tilbúnir að gefa af tíma sínum til þess að fólk eigi kost á því að hlusta á fjölbreytt efni í kristilegu útvarpi.

Lindin fjölmiðill er einnig með sjónvarp (myndbönd, DVD). Á *lindin.tv* er hægt að smella á ýmsar krækjur eins og nýtt efni, í beinni, ýmislegt, barnaefni, samkomur, fræðsla, tónlist og kvikmyndir og horfa þar á valið efni. Þaðan er einnig hægt að fylgjast með beinum útsendingum frá samkomum Fíladelfíusafnaðarins í Reykjavík auk þess að hægt er að horfa á beinar útsendingar frá samkomum á *Kotmóti*, útihátíð hvítasunnnumanna, í Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð sem haldnar eru árlega um Verslunarmannahelgina. Myndbandagerð Lindarinnar er mjög öflug og var stofnuð með það fyrir augum að efla kristilegt barnaefni, þar hafa einnig verið framleiddar heimildamyndir meðal annars fyrir framhaldsskóla.

„Mike Fitzgerald leggur mikla áherslu á það að útvarpsstöðin sé þverkirkjuleg. Hvítasunnusöfnuðurinn var í upphafi bakhjarl Lindarinnar eftir að Mike og Sheila Fitzgerald tóku við en er það ekki lengur. Stuðningur hefur ætíð verið frá hvítasunnuhreyfingunni *Assemblies of God* einkum þó í upphafi í formi tækja. Útvarpsstöðin er því lík blessun fyrir þjóðina og sá möguleiki að geta stillt á stöð sem býður upp á annars konar efni en er á öðrum stöðvum nýta sér margir til þess meðal annars að fá ró í daglegu amstri“<sup>30</sup>. Lindin er vissulega stuðningur við annað kristið starf í landinu, guðsorð getur heyrst alls staðar, það eina sem fólk þarf að gera er að kveikja á útvarpinu eða hlusta á útsendingar í gegn um tölvu.

### 3.2 Assemblies of God og hvítasunnuhreyfingin á Íslandi

Fitzgerald hjónin komu fyrst hingað til lands frá Bandaríkjunum árið 1992 sem trúboðar, áður höfðu þau starfað í 15 ár sem forstöðumenn þriggja kirkna innan hvítasunnuhreyfingarinnar *Assemblies of God* í Bandaríkjunum. Mike Fitzgerald er hálfur Íslendingur og ef til vill hefur það haft áhrif á að þau hjónin ákváðu að koma hingað til lands til starfa. Tenging *Assemblies of God* við Lindina er ennþá nokkur því samtökin greiða laun Mike og Sheilu Fitzgerald vegna starfa þeirra hér á landi.

Hugmyndafræði *Assemblies of God* er meðal annars á þann veg að hvítasunnnumenn þyrftu að hafa ákveðið skipulag til að starfa eftir þar sem það stuðlaði að og eflði kristniboð í fjarlægum löndum. Trúboðið færðist að stórum hluta inn á útvarps- og sjónvarpsstöðar, sem á

<sup>30</sup> Vörður Leví Traustason. Munnleg heimild 2011

þann hátt náði eyrum mun fleiri en áður hafði verið hægt að gera. *Assemblies of God* er stærsta og öflugasta hvítasunnukirkjudeildin í heiminum með um 63 milljónir manna innanborðs. Guðfræðilega leggur kirkjudeildin áherslu á skírni í Heilögum anda, niðurdýfingarskírni, frelsun einstaklingsins, guðlega lækningu og endurkomu Krists<sup>31</sup>.

Á vef hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu í Reykjavík er hvítasunnuhreyfingunni lýst á þann hátt að hún sé fyrst og fremst hópur fólks sem á það sameiginlegt að hafa gefið Kristi Jesú líf sitt. Þar styðja hinir sterkari þá sem veikari eru. Þar er hvatt til mannþætandi lífsstíls og grein 3.9 í kafla sem nefnist *Samþykktir og trú Hvítasunnukirkjunnar á Íslandi* segir meðal annars: „Við trúum á gildi helgaðs og guðrækilegs lífernis“ og trúarjátning þeirra er „Jesús er Drottinn“<sup>32</sup>.

### 3.3 Guðfræðilegar áherslur Lindarinnar

Á heimasíðu Lindarinnar er vísað í það að Biblían lýsi því yfir að himnarnir muni segja frá dýrð Guðs og að fólk sem tilheyrir Guðs ríki verði kennt boðorð og lög Guðs. Jafnframt að það sé á þessum grunni og eftir að hafa beðið mikið hafi þessi þjónusta sem Lindin veitir, sem kristileg fjölmiðlun, verið sett á laggirnar árið 1995. Þar kemur jafnframt fram að markmiðið sé að boða kærleika Guðs á allan mögulegan hátt<sup>33</sup>.

Í viðtali við Mike Fitzgerald í Morgunblaðinu 6. mars 2005, þegar tíu ár voru frá stofnun Lindarinnar, er hann spurður að því hvað séu helstu kostir kristilegs útvarps. Hann svarar að slíkt útvarp sé fyrst og fremst til að styrkja fólk í trú sinni. Að deila þeim boðskap sem þau finna í Kristi; friði, kærleika og von. Kristilegt starf sé einnig styrkt með því að á stöðinni eru auglýstir viðburðir í kirkjunum. Mike svarar, þegar hann er spurður að því hverjir hápunktarnir séu síðustu tíu ár; að það sé þróunin og þær góðu viðtökur sem stöðin hefur fengið.

Í handbók sem starfsfólk Lindarinnar vinnur eftir segir: „Að Lindin starfi til dýrðar Guði og að uppbyggingu konungsríkis Hans“.

- Markmið Lindarinnar er að gera íslensku þjóðina meðvitaðari um vald Jesú Krists og upphefja hans heilaga nafn.
- Að nota fjölmiðil til að færa boðskap um von, frið og kærleika Guðs, með kristilegri tónlist ásamt kennslu og predikunum grundvallaðri á Biblíunni.

---

<sup>31</sup> <http://ag.org/top/> 2011.

<sup>32</sup> <http://gospel.is> 2011.

<sup>33</sup> [www.lindin.is](http://www.lindin.is) 2011.

- Að nota fjölmiðil til að gera karla, konur, drengi og stúlkur meðvituð um kærleika Guðs og fyrirgefningu syndanna.
- Að nota fjölmiðil til að segja frá og deila vitnisburðum um blessun Guðs í lífi einstaklinga, kirkna og þjóðarinnar.
- Að nota fjölmiðil til þess að styðja við kirkjur og kristið starf í landinu.
- Að nota fjölmiðil sem tæki til að sameina líkama Krists.

Í handbókinni er einnig trúaryfirlýsing og er vísað í fjölmargar ritningargreinar og læt ég nægja að nefna eina þeirra: „Sérhver ritning er innblásin af Guði og nytsöm til fræðslu, umvöndunar, leiðréttingar og menntunar í réttlæti“ (2.Tím.3.16).

Boðskapur Lindarinnar höfðar til trúaðra kristinna einstaklinga og í sjálfu sér til annarra líka sem vilja hlusta á afslappað en um leið uppörvandi útvarp. Orð eins og rödd lofgjörðar, rödd kærleika, rödd vonar og rödd friðar er einnig að finna í *Fréttabréfi Lindarinnar* og á heimsíðunni og ekki þarf að efast um biblíulegan grundvöll þeirra. Í Biblíunni eru margir ritningastaðir sem eiga við orðin lofgjörð, kærleikur, von og friður og nægir að nefna nokkrar ritningagreinar því til sönnunnar:

- Um lofgjörðina segir:  
„Ég þakka Drottni réttlæti hans, lofsyng nafni Drottins, Hins hæsta“ (Slm.7.18). „Ég vil þakka þér, Drottinn, af öllu hjarta, kunngjöra máttarverk þín. Ég vil gleðjast og fagna yfir þér, lofsyngja nafni þínu, þú Hinn hæsti“ (Slm.9.23). „Með hjálp Jesú skulum við því án afláts færa Guði lofgjörðarförn, ávöxt vara er játa nafn hans“ (Heb. 13.15) og „Og rödd barst frá hásetinu er sagði: „Lofsyngið Guði vorum, allir þjónar hans sem óttist hann, smáir og stórir“ (Opb.19.5).
- Um kærleikann segir:  
„Í því birtist kærleikur Guðs til okkar að Guð hefur sent einkason sinn í heiminn til þess að hann skyldi veita okkur nýtt líf“ (1Jóh.4.9). „Elskan sé flærðarlaus. Hafid andstyggð á hinu vonða en haldið fast við hið góða“ (Róm.12.9), „En Guð auðsýnir kærleika sinn til okkar í því að Kristur dó fyrir okkur þegar við vorum enn syndarar“ (Róm.5.8) og „Hjá Guði einum hlýtur sál mín hvíld, frá honum kemur hjálpraðið“ (Slm.62.2).



- Um vonina segir:
 

„Þú ert skjól mitt og skjöldur, ég vona á orð þitt“ (Slm.119.114). „Guð vonarinnar fylli yður öllum fögnuði og friði í trúnni svo að þér séuð auðug að voninni í krafti heilags anda“ (Róm.15.13). „Verið sterkir og hughraustir, allir sem bíðið Drottins“ (Slm.31.25). „Hvers vona ég þá, Drottinn? Von mín er öll á þér“ (Slm.39.8) og „En ef við vonum það sem við sjáum ekki bíðum við þess með þolinmæði“ (Róm.8.25).
- Um friðinn segir:
 

„Frið læt ég yður eftir minn frið gef ég yður. Ekki gef ég eins og heimurinn gefur. Hjarta yðar skelfist ekki né hræðist“ (Jóh.14.27). „Réttlætt af trú höfum við því frið við Guð sakir Drottins vors Jesú Krists“(Róm.5.1). „En sjálfur Drottinn friðarins gefi yður friðinn, ætíð og á allan hátt. Drottinn sé með yður öllum“ (2Þess.3.16). „Forðastu illt og gerðu gott, leitaðu friðar og leggðu stund á hann“ (Slm.34.15). „Látið frið Krists ríkja í hjörtum ykkar, því Guð kallaði ykkur til að lifa saman í friði sem limi í einum líkama. Verið þakklát“ (Kól.3.15) og „Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig og gefi þér frið“ (4Mós.6.26).

Á hverju ári er ný yfirskrift, eins og til dæmis „Jákvætt útlarp“ og „Rödd meðal þjóðarinnar“. Ýmis önnur skemmtileg hvatningarorð hafa borist eyrum hlustenda eins og „Leggðu af stað með bros á vör og mundu að Drottinn er með í för, Lindin ferðaútlarp!“, „Brennandi í andanum með sólarvörn á kinnum!“, „Leyfðu Lindinni að létta þér lund í allt sumar!“ og „Lindin er hér til að segja þér hvað Jesús vill segja í dag!“. Heilögum anda er gjarnan lýst eins og léttri snertingu vinds og því er ekki fjarri lagi að segja að eftirfarandi hvatningarorð vísi í það sem er ferskt og svalandi eins og loft eða vindur, sem svo aftur minnir á Heilagan anda: „Lindin er hressandi og ferskt útlarp!“ eða „Lindin er ferskt og og svalandi útlarp!“ og að hún sé „Fyrir hvern sem er, hvar sem er!“. Hvatningarorðin gefa til kynna að ferskir vindar blási um útlarpsstöðina.

Mike Fitzgerald svaraði, þegar hann var spurður hver væri ávöxtur Lindarinnar, að stöðin uppörvaði fólk og vildi vera með boðskap sem gæfi fólki frið, von fyrir morgundeginum og lífinu og gæfi innri snertingu. Lindin væri jákvætt útlarp og kristileg tónlist minnir fólk á að Guð er með okkur. Guð er kærleikur. Lindin miðlar kærleika milli Guðs og manna og manna á milli. Engin er vonlaus því vonin kemur til fólksins með trúnni, von um sigur. Lindin reynir að láta fólk vita að Guð er með þeim. Magnús Kristinsson yfirmaður tæknisviðs Lindarinnar bætti því við að margar sögur um

bænheyrslu berist Lindinni og að hjartsláttur Lindarinnar séu bænar - og þakkarefnin og hann segir það vera forréttindi að taka þátt í starfi Lindarinnar og sjá og upplifa hvað Guð er að gera fyrir fólk<sup>34</sup>. Því má bæta við Mike Fitzgerald talar góða íslensku.

Guðfræði útvarpsstöðvar Lindarinnar getur höfðað til allra kristinna manna óháð kirkjudeildum enda er ekki um áróður neinnar einnar kirkjudeildar að ræða þó vissulega megi segja að útvarpið sé ákveðinn vettvangur fyrir hinar svokölluðu fríkirkjur og séu hlustendur kunnugir fríkirkjunum er ekki erfitt að finna samhljóminn en með fríkirkjum á ég ekki við lútersku Fríkirkjuna í Reykjavík eða lútersku Fríkirkjuna í Hafnarfirði heldur hinar svokölluðu frjálsu söfnuði. Sem fyrr segir þá hefur þjóðkirkjunni og öðrum kirkjudeildum ætíð staðið til boða að vera með þætti og erindi á Lindinni og ekki fyrir svo löngu síðan var sérstaklega góður þáttur sem einn þjóðkirkjupresta var með um herra Sigurbjörn Einarsson biskup og sálma hans.

### 3.4 Dagskrá Lindarinnar

Lindin næst nánast um allt land og hefur það verið markmið frá upphafi að landsmenn allir geti hlustað á stöðina. Sem fyrr segir hófust útsendingar í Reykjavík 1995 undir stjórn Mike og Sheilu Fitzgerald og árið 1997 í Vestmannaeyjum, 1998 á Akureyri og Ísafirði en síðan hafa fjölmargir staðir bæst við síðast Patreksfjörður árið 2008. Útvarpsendar Lindarinnar eru 15 staðsettir víðsvegar um landið. Einnig er hægt að hlusta á beinar útsendingar frá Lindinni frá netsíðu stöðvarinnar. Á Akureyri er einnig hljóðver sem sér um beinar útsendingar á sunnudagsmorgnum og mánudagkvöldum.

Árið 2010 hófust útsendingar á sjónvarpsefni á [www.lindin.tv](http://www.lindin.tv) og þar er meðal annars að finna marga fróðlega og skemmtilega viðtalsþætti. Lindin er með dagskrá í nokkuð föstum skorðum en hún er samsett af töluðu máli og tónlist. Þar hefur einnig verið útgáfa á kennsluefni, trúarlegum bæklingum og blöðum ásamt útgáfu geisladiska og DVD myndefnis með kristilegu efni. Markmið starfseminnar hefur frá upphafi verið að koma fagnaðarerindinu um Jesú Krist út til fólksins á hvern þann hátt sem hægt er og þess vegna hefur Lindin staðið að fjölbreyttri útgáfu á vönduðu kristilegu efni<sup>35</sup>. Þættirnir á Lindinni eru ýmis konar, svo sem viðtalsþættir, bænastundir, bænasvaraþættir, spjallþættir og ráðgefandi þættir, þættir með tónlist frá Norðurlöndum, þættir fyrir börn, þættir fyrir unglunga og biblúskýringaþættir og margt fleira. Tónlistin skipar stóran og mikilvægan sess í útsendingum Lindarinnar en nánar

<sup>34</sup> Mike Fitzgerald og Magnús Kristinnson í viðtalsþætti á sjónvarpsstöðinni Omega. *Kvöldljós* endursýndur þáttur frá 2010 þann 28. júlí 2011.

<sup>35</sup> [www.lindin.is](http://www.lindin.is)

verður vikið að því síðar. Dagskrá Lindarinnar er hægt að nálgast á heimasíðu stöðvarinnar eins berst hún til styrktaraðila og vina Lindarinnar nokkrum sinnum á ári með fréttabréfi:

- 07.00-12.00 er létt dagskrá í beinni útsendingu með ýmsu efni, til dæmis Ljáðu mér eyra, fjölskyldu og hjónabandsráðgjöf, boðskapur dagsins, bænastund, viðtöl og fræðsla af ýmsum toga.
- 12.00-15.00 er ókynnt tónlist í bland við forunnið og endurflutt efni, þó með nokkrum undantekningum.
- 15:30 - 18:00 er bein útsending með góðri tónlist, viðtölum og ýmsum upptákum. Reynt er að gera skil á því sem er að gerast í samfélagi trúaðra á Íslandi.
- 18:00-20:30 endurfluttir þættir og ókynnt tónlist í bland við stuttar tilkynningar.
- 20:30-23:00 kvölddagskrá, yfirleitt í beinni útsendingu, þar sem hinir ýmsu dagskrárgerðarmenn koma við sögu og spila tónlist, taka viðtöl og spjalla við hlustendur. Dagskránni lýkur svo með bænastund.
- Endurtekið efni eða ókynnt tónlist er svo fram til klukkan 07.00<sup>36</sup>.

Fréttabréf er sent út mánaðarlega og í bréfi fyrir ágúst mánuð (2011) segir meðal annars undir yfirskriftinni *Trúboð*, að markmið Lindarinnar sé að gera íslensku þjóðina meðvitaðri um vald Jesú Krists og upphefja hans heilaga nafn. Í fréttabréfinu stendur einnig að Guðs sé dýrðin fyrir að stofna, greiða götu og breiða út þjónustu Lindarinnar.

### 3.5 Tónlistin á Lindinni

Sem hlustandi og styrktaraðili Lindarinnar nánast frá upphafi hefur mér þótt sem trú, von og kærleikur sé hafður að leiðarljósi í þáttum og tónlistarvali útvarpsstöðvarinnar ásamt því að vera fræðandi og hvetjandi. Eðlilega eru deildar meiningar hlustenda um hvernig tónlist eigi að spila. Textar laganna eru að sjálfsögðu trúarlegs eðlis en tónlistartegundin hugnast ekki alltaf öllum, enda er fólk á mismunandi aldri að hlusta og með ólíkan tónlistarsmekk.

Tónlistin er í sjálfu sér trúboð fært í tónlistarbúning og á þann hátt berst eyrum ef til vill mun fleiri manna en þeirra sem fara á samkomur eða sækja guðsþjónustur og jafnvel þeirra sem

---

<sup>36</sup> [www.lindin.is](http://www.lindin.is)

ekki teljast til neinnar kirkudeildar né játa kristna trú. Tónlistin er oft klædd í búning nýjustu strauma í dægurtónlist og á þann hátt fellur hún að annarri dægurtónlist en af mörgum tegundum tónlistar er að taka. Það sem svo aftur á móti aðskilur hana frá hinni venjulegu tónlist eru textarnir sem að miklu leyti eru byggðir á textum úr Biblíunni.

Sumir telja ef til vill að kristleg tónlist eigi að vera í þeim sálmabúningi sem flestir af eldri kynslóðinni kannast við. Ef markmiðið er að fræða sem flesta um fagnaðarerindið um Jesú Krist og það gengur betur með því að setja textana í nútíma búning dægurtónlistar er lítið hægt að setja út á það.

Því má bæta við í framhaldi af ofansögðu að í Bandaríkjunum er kristleg tónlist í meiri vexti en önnur tónlist ef marka má eftirfarandi upplýsingar um að 747 milljónir dollarar hafi komið inn á ársgrundvelli (2001) fyrir sölu á kristilegri tónlist, eða um það bil sjö prósent af öllum seldum CD diskum. Virðist þessi mikla sala haldast í hendur við umtalsverða aukningu í röðum evangelískra kristinna manna, þeirrar mestu allra kristinna kirkjudeilda í Bandaríkjunum<sup>37</sup>. Í nýrri landskönnun sjálfstætt starfandi markaðsrannsóknafyrirtækis *The Barna Research Group, Ltd.* í Bandaríkjunum kom í ljós að mun fleiri eða um 67% aðspurðra heyra Guðs orð í gegn um kristilega tónlist útvarpsstöðva en ekki með kirkjusókn en þetta var öfugt við það sem menn héldu áður. Þessar niðurstöður útskýra nokkuð þá aukningu sem hefur verið á sölu á kristilegri tónlist<sup>38</sup>. Fólk kaupir sér CD diska með tónlist sem það vill heyra aftur. Tónlistin skipar stóran sess í trúarreynslu hins dæmigerða hvítasunnumanns í raun miklu meira en í dæmigerðum sálmasöng þjóðkirkjumanna vil ég meina. Í þjóðkirkjunni sjáum við ekki fólk standa upp og sveigja líkama sinn og hendur í takt við tónlistina og taka undir af mikilli innlifun, jafnvel fella tár í lofgjörðarsöngvum svo dæmi sé tekið.

Ekki ber að vanmeta fallegu sálmanna í íslensku sálmabókinni heldur mætti velta fyrir sér hvor ekki væri tímabært að færa þá í búning dægurtónlistar til þess að laða fólk, ungt fólk, inn í kirkjurnar til þess að taka þátt í guðsþjónustum af innlifun og ákafa. Í hversdagsmessunum svokölluðu þar sem Þorvaldur Halldórsson leiðir fólk í söng er gerð tilraun til þess að stíga út úr formfestu sunnudagsguðsþjónustunnar. Það er þó langt frá því að vera nóg og þar er hangið á formfestunni eins og hundur á roði, þrátt fyrir léttari tónlistarform.

Tónlistin getur haft stórkostleg áhrif þegar hún er flutt af einlægu trúfólki og smurð af nálægð Heilags anda. Mikilvægi tónlistaflutnings með hjálp Heilags anda er gjarnan þungamiðjan á samkomum. Margar ritningagreinar hvetja beinlínis til lofgjörðar í söng og

---

<sup>37</sup> Marie Vitale 2011

<sup>38</sup> [www.vfbaptist.org//](http://www.vfbaptist.org/)

dansi eins og til dæmis Job 38.7, Jes.14.7, 44, 23, 2 Mós.1-3. Áhrif Gamla testamentisins á þessa tegund lofgjörðar eru afar mikilvæg. Í Nýja testamentinu hvetur Páll postuli söfnuðinn til söngs er hann segir: „Hvernig er því þá farið? Ég vil biðja með anda en ég vil einnig biðja með skilningi. Ég vil lofsyngja með anda en ég vil einnig lofsyngja með skilningi“ (1.Kor.14.15). Hér er hvatningin að syngja Guði lof í andanum en á sama tíma með skilningi og á þann hátt að koma boðskapnum til skila til áheyrenda. Þetta er það sem einkennir sönghefðir hvítasunnuhreyfinganna<sup>39</sup>.

Þetta fá hlustendur Lindarinnar að upplifa í gegn um tónlistina sem er flutt þar og jafnvel má ganga svo langt og segja að útvarpsstöðin sé að snerta fólk og gefa því von í gegn um flutning á guðsorði hvort sem er í textum laga eða með lestri og spjalli um Guðs orð.

Textarnir geta jafnframt verið trúarleg upplifun, ástarjátning til Skaparans eða lofgjörð og eru oft byggðir á reynslu viðkomandi textahöfundar. Þeir verða sem slíkir mjög persónulegir en persónuleg reynsla einstaklings getur líka snert við og verið svipuð persónulegri reynslu einhvers annars. Textarnir bera það með sér að Guði sé ekkert óviðkomandi. Þetta er líkleg ástæða til vinsælda. Enda hafa persónulegir vitnisburðir mikla þýðingu, sérstaklega hjá hvítasunnufólki.

Í fréttatíma Stöðvar 2 þann 19. ágúst 2011 var rætt við Jóhann G. Jóhannsson tónlistarmann. Viðtalið var vegna endurgerðar á lagi hans *Hjálpum þeim* frá árinu 1986 sem þá var flutt af þekktu tónlistarfólki og notað til að safna fé fyrir fátæka í Afríku. Nú á að endurtaka leikinn. Jóhann sagði að lög með jákvæðan boðskap geti gert kraftaverk.

### 3.6 Hvers konar útvarp?

Dagskrá Lindarinnar er ekki mjög lík þeirri dagskrá sem Gook hugðist vera með hjá kristilegu útvarpstöðinni á Sjónarhóli, því hann vildi einnig vera með almennar fréttir, veðurfregnir, almenna fræðslu, tungumálakennslu, tilkynningar frá stjórnvöldum auk kristilegs boðskapar en það síðastnefnda á hann sameiginlegt með dagskrá Lindarinnar og því að á Lindinni eru einnig sagðar fréttir af veðri.

Lindin getur flokkast undir það sem kallast *Community radio* eða samfélagslegt útvarp. Þetta er þriðja tegund útvarpsþjónustu, hvorki auglýsingaútvarp né útvarp í almenningsþjónustu (ríkisreknar stöðvar). Slíkar stöðvar geti boðið upp á þjónustu við takmarkaðan hlustendahóp og útvarpi því sem þeim hópi finnst skipta máli og er oft ekki á dagskrá annarra auglýsingastöðva né almenningsstöðva. Samfélagslegt útvarp þjónar sérstaklega því samfélagi sem það tilheyrir. Um er að ræða útvarpsstöðvar sem eru án

---

<sup>39</sup> Burgess, McGee, Alexander.

hagnaðar svo kallaðar „non-profit“ stöðvar<sup>40</sup>. Þarna geta hópar sameinast um persónulega reynslu og haft áhrif á og tekið í raun þátt í útvarpsrekstri, bæði sem áhrifavaldar og styrktaraðilar. Vegna smæðar Íslands á þetta að sumu leyti einnig við um Ríkisútvarpið og jafnvel fleiri stöðvar sem hver um sig höfðar til ákveðins hóps innan samfélagsins ef ekki til þjóðarinnar allrar. Þó er Lindin ólík vegna þess að hún gefur áheyrendum sínum kost á því að styrkja fjölmiðilinn, en á sama tíma geta allir hlustað án nokkurs kostnaðar.

Til Ríkisútvarpsins þurfa allir eldri en 16 ára og yngri en 70 ára og eru yfir skattleysis mörkum að greiða sérstakt gjald sem Alþingi ákveður<sup>41</sup>. Skilur Ríkisútvarpið sig frá öðrum stöðvum svo um munar ef borinn er saman fjárhagur og rekstrargrundvöllur útvarpsstöðva á Íslandi.

### 3.7 Bænastundir í beinni

Stór og mikilvægur þáttur í starfsemi Lindarinnar er að vera með bænastundir í beinni útsendingu kvölds og morgna. Þá er beðið fyrir og með þeim sem heima sitja og hafa sent eða hringt inn bænarefni. Síðdegis er svo sérstök bænastund fyrir fyrirfram ákveðnu málefni. Ég heyrði þul eitt sinn hafa orð á því að framandi gæti verið að hlusta í fyrsta sinn á bænastundir á Lindinni því þar væri talað mál sem sumir kölluðu „kristnesku“, þessa útskýringu hafði ég ekki heyrt áður en get tekið undir það að vissulega er orðfærið stundum óvenjulegt, þó full langt gengið sé að tala um sérstakt tungumál.

Reikna má með því að margir taki undir heima hjá sér þegar verið er að biðja í beinni útsendingu, en í könnuninni sem ég gerði og skýrt verður nánar frá kom fram að meirihluti aðspurðra tók þátt í bænastundunum á Lindinni og bað með þulinum fyrir bænaefnunum. Ekki er bænahópur á Lindinni sem biður sérstaklega fyrir bænarefnunum heldur fer fyrirbænin fram í beinni útsendingu með talsverðri þátttöku hlustenda ef marka má könnun mína. Það er því óhætt að segja að margir séu með í því að lyfta bænarefnunum upp til Guðs. Fólki gefst kostur á því að hringja inn og láta vita af bænheyrslu og eru slíkir vitnisburðir til mikillar blessunar fyrir hlustendur. Dýrðin er Drottins og fer það ekki á milli mála enda er það markmið hjá Lindinni að upphefja Hans heilaga nafn, lofa og vegsama Drottinn og boða kristna trú.

Í fréttabréfi frá Lindinni er sagt frá því að bænin hafi frá upphafi verið stór þáttur í starfsemi Lindarinnar og að þeim berist að meðaltali 22 þúsund bænarefni á ári. Lindin þjónar þúsundum Íslendinga hvenær sem er sólarhringsins með því að snerta fólk með fagnaðarerindi Jesú Krists<sup>42</sup>. Löngunin er að leiða fólk frá myrkri til ljóss, frá ófriði til friðar.

<sup>40</sup> Byggt á upplýsingum frá [http://www.ned.org/cima/CIMA-Community\\_Radio-Working\\_Group\\_Report.pdf](http://www.ned.org/cima/CIMA-Community_Radio-Working_Group_Report.pdf)

<sup>41</sup> <http://www.ruv.is/um-ruv/afnotadeild>

<sup>42</sup> Fréttabréf júlí 2011

### 3.8 Félagsþjónusta Lindarinnar

Þó ekki komi það fram í neinum upplýsingum um Lindina eða í dagskrá hennar, þá hringir fólk gjarnan inn til skrifstofu Lindarinnar og vill ræða um vandamál sín, sumir jafnvel daglega, og lýkur þeim símtölum gjarnan með því að beðið er fyrir viðkomandi í lok símtalsins<sup>43</sup>. Þetta minnir nokkuð á hjálparsíma Rauða krossins 1717 en þar hef ég starfað sem sjálfboðaliði, nema að þar líkur samtölunum ekki með bæn.

Lindin hefur félagslegu hlutverki að gegna, þar sem starfsfólk stöðvarinnar sinnir fólki sem á í ýmsum erfiðleikum, þar er fólki ekki vísað frá einum stað til annars heldur er reynt að skilja við fólkið í símanum í betri líðan þegar símtalinu líkur. Ekki er gott að segja hvort þeir sem hringja inn trúu því að starfsfólk Lindarinnar muni taka þeim vel vegna þess að þau starfi í víngarði Drottins en ég ætla að gefa mér að svo sé. Þættir á borð við þátt Hafliða Kristinssonar fjölskylduráðgjafa, bænastundaþættirnir og þættir sem nefnast *Tíu dropar* og eru í umsjá Sheilu Fitzgerald og Hrannar Kristinsdóttur taka gjarnan á ýmsum vandamálum daglegs lífs og eru ráðgefandi. Segja má að það sem sagt er á Lindinni eigi allt rætur sínar í guðsorði.

Eins og aðrar útvarpsstöðvar þjónustar Lindin til þeirra sem ekki eiga heimangengt, til þeirra sem eru á sjúkrahúsum, dvalarheimilum eða í fangelsum. Ég tel að þjónusta Lindarinnar sé sérstök því boðskapur stöðvarinnar fjallar um fagnaðarerindið um Jesú Krist sem og andlegt og trúarlegt líf mannsins. Orð Guðs berst til fólks hvar sem er og hvenær sem er og þeir sem hlusta geta þannig fengið andlega uppörvun. Vitnisburðir fólks hafa vitnað um þetta.

### 3.9 Styrktaraðilar og fjármál Lindarinnar

Það eru um fjögur til sex hundruð einstaklingar og um fimmtíu fyrirtæki sem styrkja Lindina auk þess sem nokkrar kirkjur og söfnuðir gera það líka. Um er að ræða frjáls mánaðarleg framlög. Árlega er haldin fjáröflunaryrð með það fyrir augum að fjölga styrktaraðilum ásamt því að safna gjafafé. Ýmislegt er gert til gamans og tilbreytingar og venjulega dagskráin fer úr skorðum þá viku. Mike Fitzgerald segir að ekki sé hægt að halda úti útvarpsstöðinni nema með þátttöku allra þeirra yndislegu einstaklinga, fyrirtækja og kirkna sem styrki Lindina. Hann segir að fjáröflunaryrðin sé skemmtilegasta vika ársins á Lindinni<sup>44</sup>.

Eftir því sem ég kemst næst hafa þessar fjáröflunaryrðir gengið vel og nokkurt fé safnast til starfseminnar auk nýrra styrktaraðila í hvert sinn. Styrktaraðilum hefur því fjölgað

<sup>43</sup> Signý Guðbjartsdóttir (munnleg heimild).

<sup>44</sup> Mike Fitzgerald í viðtalsþætti á sjónvarpsstöðinni Omega. *Kvöldljós* endursýndur þáttur frá 2010 þann 28. júlí 2011.

ár frá ári og lítið er um að fólk hætti að styðja stöðina. Eins og fram hefur komið er útvarpsstöðin rekin fyrir styrktarfé, bæði frá einstaklingum, kirkjum og fyrirtækjum. Hver klukkutími kostar 3.500 krónur í útsendingu.

Féð sem inn kemur fer í það að standa straum af húsaleigu, ekki aðeins á húsnaðinu á Krókhálsi 4 þar sem útvarpsstöðin er til húsa, heldur fyrir svokölluð sendahús og möstur og rekstur á dreifikerfi auk stefgjalda. Þeir starfsmenn sem eru á launaskrá fá laun sín greidd af styrktarfénu<sup>45</sup>. Fram hefur komið að Mike og Sheila Fitzgerald fá laun sín greidd frá Bandaríkjunum. Sheila Fitzgerald segir að féð sem inn komi skiptist þannig að 51% sé frá einstaklingum, 22% frá fyrirtækjum, 15% frá kirkjum og 12% komi erlendis frá<sup>46</sup>.

### 3.10 Landsbyggðafréttir og alþjóðasamstarf

Í fréttablaðinu *Vikudagur* frá 4. nóvember 1999 sem gefið er út einu sinni í viku á Akureyri sagði svo frá að kristilega útvarpsstöðin Lindin væri komin með endurvarp á Akureyri. Þar segir frá dagskrárliðum og að stöðin sé rekin með frjálsum framlögum en jafnframt að trúarsamfélög í Bandaríkjunum hafi styrkt stöðina með gjafatækjum og búnaði. Eins er sagt frá því að tilgangur stöðvarinnar sé að hjálpa fólki að standa við þau loforð sem flestir hafa gefið við fermingu sína. Lindin vilji gera þetta með öllu því sem þar fari fram. Þessi frétt minnti mig ekki bara á Gook sjalfan heldur einnig á andrúmsloftið í pistlum hans í *Norðurljósinu*.

Í frétt í *Morgunblaðinu* miðvikudaginn 12. maí 1999 er sagt frá því að Lindin útvarpsstöð í eigu Hvítasunnukirkjunnar á Íslandi hafi nýlega hafið útsendingar á Akureyri. Eins hafi útsendingar hafist nýlega á Ísafirði. Sagt er frá því að hún hafi verið stofnuð af trúboðunum Mike og Sheilu Fitzgerald 1995 og að hvítasunnukirkjan eigi stöðina en gott samstarf sé við margar fríkirkjur á landinu. Tekjur stöðvarinnar komi vegna framlaga velunnara og að aðeins sé sent út kristilegt efni. Á þessum tímapunkti árið 1999 nær stöðin til 85% þjóðarinnar.

Á fundi bæjarstjórnar Ólafsfjarðar árið 2001 kvaddi sér hljóðs stjórnarmeðlimur sem lýsti því yfir að ný kristileg útvarpsstöð hefði hafið útsendingar og vildi þakka fyrir að stöðin væri komin til þeirra<sup>47</sup>. Er þetta dæmi um áhrif stöðvarinnar í litlu bæjarsamfélagi að ástæða var til að þakka fyrir að hún væri kominn á staðinn.

*Húnahornið* fréttamiðill á Blönduósi segir frá því í desember árið 2005 að mögulegt sé

<sup>45</sup> Magnús Kristinsson í viðtalsþætti á sjónvarpsstöðinni Omega. *Kvöldljós* endursýndur þáttur frá 2010 þann 28. júlí 2011.

<sup>46</sup> www.lindin.tv 2011

<sup>47</sup> http://olafsfjordur.is 2001



að útvarpsstöðin Lindin verði með útsendingar á Blöndósi árið eftir og vísar í viðtal sem tekið var við Mike Fitzgerald. Þar segir að stöðin hafi notið síaukinna vinsælda og greini sig frá öðrum síbyljustöðvum. Framtakinu er fagnað og það kemur fram eindræg ósk um að þetta verði að veruleika og um leið er fólk minnt á að hægt sé að hlusta á Lindina á netinu. Greint er frá því að stöðin sé rekin með fjárframlögum einstaklinga og fyrirtækja<sup>48</sup>.

Sveitastjóri Rangárbings eystra skrifar grein sem birtist á netinu og segir þar að útsendingabylgjur RÚV séu í miklu ólagi en íbúar hafi bent honum á að vel heyrir í kristilegu útvarpsstöðinni Lindinni. Þar sem RÚV innheimti afnotagjöld eigi skilyrðin að vera góð. Sveitastjórinn gefur sér að Lindin sé sennilega betur tengd himnaföðurnum<sup>49</sup>.

Í Morgunblaðinu þann 25. september 2002 er sagt frá því að alþjóðleg ráðstefna um kristilega fjölmiðlun hafi verið haldin hér á landi að frumkvæði Mike Fitzgeralds en áður hafi slíkar ráðstefnur verið haldnar nokkrum sinnum áður, þrisvar í Bandaríkjunum og einu sinni í Belgíu. Hingað til lands komu rúmlega 20 fulltrúar víðs vegar að og báru saman bækur sínar. Aðspurður segir Fitzgerald að markmið slíkrar ráðstefnu sé að komast að því hvernig nota megi fjölmiðil í kristilegu starfi í framtíðinni nú þegar tækninni hefur fleytt fram og miklir möguleikar eru til aukinnar samvinnu. Þessi ráðstefna var öllum opin. Lindin hefur frá árinu 2000 verið með útvarpsstöð í Færeyjum. Auk þess er hægt að hlusta á stöðina á netinu hvar sem er í heiminum.

### 3.11 Fordómar

Eins og kunnugt er þrífast fordómar þar sem vanþekking er til staðar eins og glögggt má sjá í blaðinu *Fókus* (fylgiblað dagblaðs) fyrir nokkrum árum í pistli sem hét: *Hvað áttu að hlusta á í næstu viku?* Þar var Lindin talin upp sem möguleiki en þó með þessum orðum:

„Lindin er kristileg útvarpsstöð í anda Omega. Reynir að höfða til ungs fólks með því að spila Jesú pönk, -rokk, -diskó og popp. Fyrir þá trúuðu er þessi útvarpsstöð sú eina rétta, en fyrir hin níutíu og eitthvað prósent er gaman að stilla sig inn og hlusta á fríkin“<sup>50</sup>.

Svo mörg voru þau orð. Síðan þetta var skrifað eru liðin 11 ár og fólk vonandi orðið mun upplýstara en áður um samfélag sitt. Pistlahöfundur gerir vanþekkingu sína augljósa er hann heldur því fram að yfir níutíu prósent landsmanna séu ekki kristnir.

Í grein sem Magnús Magnússon rannsóknarprófessor við Háskóla Íslands skrifar kallar

<sup>48</sup> <http://huni.is> 2005

<sup>49</sup> <http://hvolsvollur.is> 2011

<sup>50</sup> *Fókus* 11. febrúar 2000.

hann kristilega ljósvakamiðla „trúmagara sem útvarpi íslensku ofsatrúarefni hins bandaríska biblíubeltis meðal annars inn á þau heimili sem síst mega við því“<sup>51</sup>. Þversagnirnar í þessum orðum eru augljósar.

---

<sup>51</sup> Fréttablaðið 10. ágúst 2011.

## 4. Könnunin

Könnunin var gerð þannig að miði frá mér með upplýsingum um BA ritgerðina var sendur með fréttabréfi Lindarinnar fyrir júlímánuð 2011. Fólki bauðst að hringja í mig eða senda mér tölvupóst ef áhugi var fyrir hendi að taka þátt. Fréttabréfið er sent til ca. 800 núverandi og fyrrverandi styrktaraðila Lindarinnar. Ég átti þess ekki kost að fá lista yfir núverandi og fyrrverandi stuðningsaðila sem hefði verið vænlegra með tilliti til fjöldans sem þá hefði verið spurður.

Könnunin samanstóð af 21 spurningu hver fyrir sig með nokkrum svarmöguleikum. Þegar ég fór að vinna úr niðurstöðunum fimm vikum seinna höfðu því miður ekki nema 60 manns haft samband við mig. Ég tel engu að síður að niðurstöðurnar, þó þær séu ef til vill ekki marktækar, gefi vissa mynd af hlustendahópi Lindarinnar. Nokkur samhljómur var í svörum þeirra 60 einstaklinga sem tóku þátt í könnuninni. Það vakti athygli mína að ekki var munur á svörum þeirra sem tilheyrðu þjóðkirkjunni og þeirra sem tilheyrðu fríkirkjunum svokölluðu er spurt var um bænavenjur og hlustun á Lindina.

Þá finnst mér mikilvægt að nefna að mjög líklegt sé að fleiri en hinn eiginlegi styrktaraðili (eða fyrrum styrktaraðili) séu að hlusta þegar kveikt er á útvarpinu á heimilinu, svo sem börn og makar.

Ekki má gleyma þeim sem aldrei hafa verið styrktaraðilar en eru hins vegar hlustendur Lindarinnar. Til þess að komast að því hve víðtæk hlustunin er í raun og veru þyrfti spurning um slíkt að vera með í könnun sem gerð væri á landsvísu.

### 4.1 Kynjaskipting, aldursdreifing og föðurland

Fyrst er að nefna að heldur fleiri konur eða þrjátíu og fimm á móti tuttugu og fimm körlum höfðu samband við mig, en hvort það gefi til kynna að fleiri konur en karlar hlusti á stöðina yfirleitt er ekki gott að fullyrða. Aldursdreifing kvennanna var nokkuð jöfn á bilinu 30-90 ára en hjá körlum voru flestir á aldrinum 50-60 ára og næstflestir á aldrinum 30-50 ára þar á eftir 60-70 ára. Enginn hlustandi sem hafði samband var undir 30 ára, hvorki karl né kona. Þó veit ég til þess að yngra fólk hlustar á stöðina en þau eru ekki núverandi eða fyrrverandi styrktaraðilar og fengu þar af leiðandi ekki beiðni um þátttöku í könnuninni.

Allir þátttakendurnir voru fæddir á Íslandi nema ein kona, var fædd í Svíþjóð. Öll játa kristna trú, allir karlarnir utan einn höfðu upplifað afturhvarf til kristinnar trúar eða það að frelsast og sömuleiðis allar konurnar nema tvær.

Ég skrifaði fangelsisstjóra vinnuhælisins á Litla - Hrauni tölvupóst og falaðist eftir því

að fá að gera könnun þar meðal fanga til að fá hóp úr þrengra umhverfi en fékk því miður ekki svar. Ég sendi samskonar bréf til Kvennafangelsisins í Kópavogi og fékk heldur ekki svar þaðan en ég fékk svar frá Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg. Þar var áhugi fyrir hendi en mér bent á að mikil hreyfing væri á föngum þar og að þeir færu fæstir Íslendingar. Ég lét það því vera.

## **4.2 Kirkjudeildir þátttakenda**

Flestir voru í hvítasunnukirkjum (Hvítasunnukirkjan Fíladelfía Reykjavík, Vonarhöfn Höfn í Hornafirði, hvítasunnusöfnuður á Siglufirði, hvítasunnusöfnuður á Akureyri, hvítasunnusöfnuður í Stykkishólmi, hvítasunnusöfnuður á Egilsstöðum, Krossinn, Vegurinn, Mósaík, Bænahúsið, CTF kærleikurinn) alls þrjátíu og níu, átján karlar og tuttugu og ein kona. Í þjóðkirkjunni voru þrettán, tveir karlar og níu konur. Í Íslensku kristkirkjunni voru fjórir, tveir karlar og tvær konur, þrjár einstaklingar tilheyrðu ekki söfnuði og ein kona var í Mormónakirkjunni á Íslandi.

## **4.3 Búseta og hlustun**

Búseta skiptist þannig að 15 karlar búa á höfuðborgarsvæðinu, 10 í öðru þéttbýli, 26 konur búa á höfuðborgarsvæðinu, 8 í öðru þéttbýli og ein í dreifbýli. Sem sagt flestir þátttakendur íbúar höfuðborgarsvæðisins. Öll nema ein kona hlusta á Lindina, mismikið samt en 46 sögðust hlusta daglega.

Hlustunin á sér einkum stað á heimilum fólks og þau sem ekki voru komin á eftirlaunaaldur eða voru sjúklingar sögðust alltaf hlusta í bílnum á leið sinni til og frá vinnu. Hjá þeim sem ekki áttu heimangengt kom hlustun líka að vissu leyti í stað kirkju/samkomusóknar. Fólk nefndi það gjarnan að Lindin væri á allan daginn og nokkrir vildu hafa kveikt á Lindinni heima hjá sér þó þeir færu út úr húsi.

## **4.4 Bænir, kirkju/samkomusókn**

Allir nema einn karl biðja bænir, allir daglega og sautján þeirra oft á dag. Ein kona biður bænir einu sinni í viku, þrjátíu og fjórar daglega og tuttugu og fimm þeirra oft á dag.

Af körlunum fer tuttugu og einn þeirra vikulega í kirkju/samkomu, tveir mánaðarlega og tveir sjaldnar, af konunum fara tuttugu og þrjár í kirkju/samkomu vikulega, tvær sjaldnar og ein aldrei. Af þeim sem biðja bænir daglega fara fjórutíu og fjórir í kirkju/samkomu einu sinni í viku. Það virðist því vera nokkuð mikil fylgni á milli fjölda þeirra sem biðja bænir daglega og þeirra sem fara í kirkju/samkomu einu sinni í viku.

Af tuttugu og fimm körlum taka tuttugu þeirra þátt í bænarstundum á Lindinni þegar

þeir komu því við og þrjátíu og tvær konur, þau voru öll ein að biðja með nema tvær manneskjur (hjón). Þá hafa nítján karlar sent inn bænarefni og allir bænheyrðir. Vildu margir leggja áherslu á að það sé ekki endilega vegna þess að þeir sendu inn bænarefni út af fyrir sig heldur vegna þess að Guð bænheyrir. Af körlunum hafa tólf látið Lindina vita af bænarsvörum, það eru svokölluð þakkarefni, sem lesin eru upp á bænarstundum eða í sérstökum bænasvaraþætti til blessunar fyrir aðra og til þess að gefa Guði dýrðina. Allar þrjátíu og fimm konurnar höfðu sent inn bænarefni, þrjátíu og þrjár bænheyrðar en tvær ekki. Af konunum létu sextán þeirra Lindina vita af bænasvörum. Hlutfallslega hafa fleiri karlar látið Lindina vita af bænarsvörum en konur.

#### **4.5 Tónlistarval, efnistöð og upplifun**

Þá eru sautján karlar ánægðir með tónlistarval Lindarinnar á móti átta óánægðum, tuttugu og tvær konur eru ánægðar á móti þrettán konum sem eru það ekki. Alls eru tuttugu og fjórir karlar af tuttugu og fimm ánægðir með efnistöð í þáttunum og þrjátíu og fjórar konur af þrjátíu og fimm sem hlýtur að teljast mjög gott. Ljóst er að tónlistarval er viðkvæmara mál en þættirnir, enda má segja að tónlistin sé aðalmálið á Lindinni og stöðin það sem kalla mætti tónlistartrúboðsstöð, það er að segja, trúboð í gegn um kristilega tónlist. Fimmtán karlar og tuttugu og sex konur hlusta meira á Lindina en aðrar stöðvar.

Þegar spurt var um hvort fólki finndist það vera á samkomu/kirkju þegar þau hlustuðu á samkomu eða vitnisburði á Lindinni svöruðu tólf karlar að þeim þætti svo vera en þrettán ekki og tuttugu og einni konu fannst sem þær væru á samkomu/kirkju en fjórtán fannst það ekki. Í þessu ljósi er skiljanlegt að hjá tólf körlum og nítján konum komi hlustun á Lindina í stað kirkjusóknar.

Alls hafa fimmtán karlar orðið fyrir trúarreynslu við hlustun á Lindina og tuttugu og þrjár konur eða rúmur helmingur aðspurðra. Hægt er að horfa á samkomur frá Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu á netsíðu Lindarinnar og það hafa þrettán karlar og ellefu konur gert eða tuttugu og fjórir aðspurðra, sem er mun færri en þeir sem segjast hafa orðið fyrir trúarreynslu sem þá bendir til þess að slík reynsla sé ekki bundin við áhorf eða hlustun á samkomur.

#### **4.6 Hvað vantar í dagskrána og hvað er gott?**

Þegar nánar er spurt að því hvað fólki finnst vanta eru svörin mismunandi. Það vanti meira af eldri tónlist eða það vanti meira af nýrri tónlist, meira af viðtals- og fræðsluþáttum eða fréttir

frá kristnum söfnum í öðrum löndum og meiri upplestur úr bókum um kristilegt efni.

Alls átján körlum og tuttugu konum þótti hlutfall tónlistar og tals í góðu lagi. Þeim körlum sem þótti hlutfallið ekki í lagi vildi jafnmargir meiri tónlist og meira tal en mikill meirihluti kvenna sem þótti hlutfallið ekki vera í lagi, vildu fá meira tal.

Virðast karlar og konur hafa mjög svipaðar skoðanir á dagskránni nema hvað að hlutfallslega fleiri konur vildu meira talað mál en karlarnir. Það er athyglisvert. Þá hlusta flestir aðspurðra meira á Lindina en aðrar stöðvar.

En hvað líkar fólki best? Flestir nefna biblíulestur, fræðslu, hugvekjur og upplestur úr bókum eða tuttugu og sex konur og fimm karlar en vitnisburði, bænasvarapætti og viðtöl nefna tuttugu og sex konur og jafn margir karlar. Samtals hugnast þrjátíu og níu konum að hlusta á þætti sem byggjast á töluðu máli á móti fimmtán körlum og styður það við svör kvennanna sem vildu heyra meira talað mál og voru hlutfallslega fleiri um það en karlarnir sem vildu frekar hlusta á meiri tónlist. Boðskap dagsins nefndu sex konur en enginn karl, bænastundir nefna aðeins þrjár konur og enginn karl sem er ekki í neinu samræmi við hve margir taka þátt í bænastundunum en það eru fimmtíu og tveir einstaklingar sem segjast gera það. Fólk nefndi uppáhalds þætti, þáttastjórnendur og þuli og almenn ánægja virtist vera með efnistöð í þáttum. Nokkur gagnrýni kom fram um að málfræðipækkingu sumra þula og dagskrárgerðafólks væri ábótavant.

Fólki þótti Lindin vera uppörvandi, fræðandi, hugljúf, þar væru jákvæðar umfjallanir, notaleg og róleg tónlist, góð lofgjörðartónlist, gott trúboð og engar leiðindafréttir. Hlustun á Lindina gæfi frið. Efnistöð í þáttum væri fjölbreytt og það skipti máli. Þarna væri góður og jákvæður boðskapur. Maður á áttræðisaldri sagði að dýrlegt væri að hlusta á þessa stöð. Svo mörg voru þau orð. Það kom nokkuð oft fram að endurtekningar á dagskrárliðum væru þreytandi sérstaklega þegar fólk hlustar mikið á Lindina og heyrir jafnvel sama þáttinn í þriðja eða fjórða sinn. En kosturinn við útvarp er sá að hægt er að slökkva á því.

## 5. Niðurstaða

Tilraunir Arthur Gook til útvarpsreksturs á Íslandi er fyrst og fremst baráttusaga hugsjónamanns sem bar hag Íslendinga fyrir brjósti. Ekki vakti fyrir Arthur Gook að hagnast á útvarpsrekstrinum. Hann óskaði ekki eftir því að hlustendur útvarpsins á Sjónarhóli greiddu afnotagjöld og verður það að teljast nokkuð sérstakt. Hann vildi geta fært hverju heimili guðsorð, ýmsan almennan fróðleik, tungumálakennslu og fréttir. Hann hafði áhyggjur af erfiðum lífsskilyrðum Íslendinga og áleit að lausnina væri að finna í útvarpsstöð. Draumur Arthur Gook rættist ekki með útvarpsstöð á hans vegum af ýmsum ástæðum, hugsanlega pólitískum. En víst er að með tilkomu útvarpsstöðar á vegum ríkisins, Útvarpsstöðar Íslands í Reykjavík sem síðar hlaut nafnið Ríkisútvarpið hafi hagur Íslendinga vænkast. Draumur hans um kristilega útvarpsstöð rættist hins vegar áratugum síðar með kristilegu útvarpsstöðinni „*Lindin, fjölmiðlun, útvarp*“.

Hvernig kemur stöðin hans Arthur Gook á Sjónarhóli út í samanburði við útvarpsstöðina Lindina? Ætli sé ekki réttast að segja að sá samanburður sé ósanngjarn því að sá jarðvegur sem var á Íslandi milli 1920 og 1930 þegar Arthur Gook var að reyna að koma útvarpinu sínu í loftið hafi verið þess eðlis að kristilegt útvarp þyrfti að bjóða upp á víðtækari dagskrá og að það hafi vakað fyrir honum að vera meira landsmálaútvarp með kristilegu ívafi heldur en kristileg trúboðsstöð eingöngu líkt og Lindin er. Álykta má að Arthur Gook hafi ekki aðeins verið annt um andlegt líf Íslendinga heldur einnig um menningu þeirra, heilsu og menntun.

En hvað er þá Lindin fjölmiðlun, útvarp? Hún er fyrst og fremst kristilegt trúboðs- og tónlistarútvarp sem hefur hlutverki að gegna. Hvert er þá hlutverk Lindarinnar? Því er til að svara að það felst einkum í því að þar hefur fólk frjálstan og frían aðgang að kristilegri tónlist, fræðslu og guðsorði í tali og tónum á öllum tímum sólarhringsins. Markmiðið stöðvarinnar er að boða kærleika Guðs á allan mögulegan hátt og að deila boðskap þeim sem stjórnendur og starfsmenn Lindarinnar finna í Jesú Kristi, friði, kærleika og von. Lindin býður einnig upp á þætti sem snerta ýmsa fleti mannglegrar tilveru.

Þangað er hægt að leita með fyrirbærir ef fólk vill fá stuðning við sínar eigin bærir. Fólki er tekið vel og þar á bæ ríkir trú, von og kærleikur. Hægt er að hlusta á tónlist þar sem textar hafa jákvæða merkingu. Efnistöð í þáttum byggja á kristinni trú og eru meira eða minna ætlaðir til trúboðs en einnig til styrkingar þeim sem þegar hafa eignast kristna trú. Fyrir þá sem nota netið er hægt að horfa á þætti á heimasíðu Lindarinnar úr myndbandasafni. Ljóst var

af viðtölunum við fólkið sem tók þátt í könnuninni sem ég gerði, að Lindin skiptir talsverðu máli fyrir þeirra trúarlíf og samfélag.

Hvað varðar samfélagslega þýðingu Lindarinnar má nefna að þar er beðið fyrir fólki og málefnum, landi og þjóð og í því sambandi nefni ég átakið *Skipað í skarðið* sem sett var af stað árið 2009. Hlustendur upplifa einnig að vera hluti af virku starfandi trúarsamfélagi, í því sambandi má sérstaklega nefna hve margir taka þátt í bænastundum Lindarinnar.

Í skýrslunum frá Ástralíu sem vitnað er í kemur fram að kristilegar útvarpsstöðvar séu oftast einu stöðvarnar sem bjóða hlustendum upp á annað sjónarhorn á lífið og tilveruna. Hlutverk slíkra stöðva eru mikilvæg meðal annars vegna þess að sagan hefur sýnt að kristni hefur haft áhrif til góða og sé grundvöllur margra samfélaga og stofnana og hafi þar með áhrif á einstaklinginn, velmegun hans og vellíðan í samfélaginu.

Hugsjónir Mike og Sheilu Fitzgerald með útvarpstöðinni Lindinni eru einmitt þær að hvetja til heilbrigðs lífsstíls og náungakærleika ásamt því að stunda heilbriggt lífverni og að góð gildi séu í heiðri höfð, ásamt því að styðja við kristið samfélag og að leiða fleiri til trúar á Jesú Krist. Ég gef mér að þetta hljóti einnig að vera hugsjónir þeirra sem styrkja Lindina með fjárframlögum.

Þau sem tóku þátt í könnuninni eru í miklum meirihluta bænafólk sem biður bænir daglega og flest oft á dag og þau sækja flest kirkjur/samkomur. Hjá fleiri körlum en konum kom hlustun á Lindina oftast í stað kirkju- eða samkomusóknar. Rauði þráðurinn í svörunum og samtölunum við þá sem tóku þátt í könnuninni var sá að þau báru umhyggju fyrir náunganum og nutu þess að eiga samfélag við stóran hóp hlustenda Lindarinnar ásamt því að geta hlustað á kristilega tónlist og kristilegt efni.

Niðurstöðurnar úr könnuninni voru ánægjulegar, sérstaklega fannst mér áhugavert hve fólk er iðið við það að biðja bænir, bæði karlar og konur. Hin mikla þátttaka í bænastundunum þar sem beðið er fyrir bænarefnum bláókunnugs fólks sýnir manni svo um munar að til er fullt af fólki sem lætur sig náungann og samfélagið varða.

Ég kemst að þeirri niðurstöðu að það sé svo sannarlega þörf fyrir kristilegu útvarpsstöðina Lindina í íslensku samfélagi til heilla og blessunar fyrir land og þjóð.

Meðfylgjandi í viðaukum er könnunin sjálf ásamt tölfræðiniðurstöðum.



## Heimildaskrá

*Biblían.* (2007) Hið íslenska biblíufélag. JPV Útgáfa. Reykjavík.

Burgess, Stanley M., McGee, Gary B., Alexander, Patrick H. Ritstjórar. (1988) *Dictionary of Pentecostal and Charismatic Movements*. Zondervan Publishing House. Grand Rapids, Michigan.

Eva Björk Valdimarsdóttir. (2010) BA ritgerð. *Hagnýtt gildi guðfræðináms: rannsókn á reynslu útskrifaðra guðfræðinema og hlutverk guðfræði í nútíma samfélagi*. Úr útdrætti. Leiðbeinandi dr. Pétur Pétursson. Háskóli Íslands.

Gook, Arthur. (1912-1954) Ritstjóri og útgefandi. *Norðurljósið*. Mánaðarlegt heimilisblað. Akureyri.

McQail, D. (2010). *The Mass Communication Theory* (6. útg.). London: Sage Publications Ltd.

Pétur Pétursson. (1983). *Church and Social Change*. A Study of the Secularization Process in Iceland 1830-1939. Bokförlaget Plus Ultra. Svíþjóð.

Pétur Pétursson. (1990). *Från väckelse till samfund*. Svensk pingstmission på öarna i Nordatlanten. Lund University Press. Svíþjóð.

Robertson, Ian. (1981). *Sociology* (2.útg.) Worth Publishers Inc. New York.

Skattum, Lena. (2008). MA ritgerð. *Mål for produksjonen av livssyns program i radioallmennkastingen*. Leiðbeinandi: Dr. Knut Lundby. Institutt for medier og kommunikasjon, Universitetet i Oslo.

Þorbjörn Broddason (1987). *Um fjölmiðla*. Greinasafn. Reykjavík.

Þorbjörn Broddason. (2005). *Ritlist Prentlist Nýmiðlar*. Háskólaútgáfan. Reykjavík.

### Af netsíðum:

<http://www.althingi.is/>

Sótt 21. júlí og 29. ágúst 2011.

Assemblies of God. (1914).

Sótt 16. júní 2011 af <http://ag.org/top/>

Boðunarkirkjan. (1998).

Sótt 5. október 2011 af <http://bodunarkirkjan.is/sofnudurinn.htm>

Community Radio. (2007). Skýrsla.

Sótt 16. September af <http://www.ned.org/cima/CIMA-Community>

Eiríkur Magnússon. (2010). Stutt ágríp af kristnisögu.

Sótt 16. júní 2011 af <http://endtimemanna.org/magnusson>.

Húnahornið. Fréttavefur Húnavetninga.

Sótt 1. júlí 2011 af <http://www.huni.is/index.php?pid=32&cid=1255>.

Hvítasunnukirkjan á Íslandi. (1936).

Sótt 28. júní 2011 af <http://gospel.is/page/23480/>.

Ísólfur Gylfi Pálmason. (2011). Forsíða Rangárþing eystra. Framtíðarsýn.

Sótt 9. maí 2011 af <http://hvolsvollur.is/frettir/2055>.

Jón Hilmar Magnússon. (2011).

Sótt 19. September 2011 af [http://www.astjorn.is/arthur\\_gook.html](http://www.astjorn.is/arthur_gook.html)

Lögrjetta (20.árg.9.tbl.1924). Útg.og ritstj. Þorsteinn Gíslason Þingholtsstræti 17.

Sótt 22. júní 2011 af <http://timarit.is>.

Morgunblaðið Vikublað Ísafold. (1924). Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Sótt 23. júní 2011 af <http://timarit.is>.

Rangárþing eystra. Fréttavefur.

Sótt 1. júlí 2011 <http://hvolsvollur.is>.

RÚV. Vefur Ríkisútvarpsins.

<http://www.ruv.is/um-ruv/afnotadeild>.

Snjólaug Ásta Sigurfinnsdóttir. (2001). Bæjarstjórn Ólafsfjarðar.

Sótt 9. maí 2011 af [www.olafsfjordur.is](http://www.olafsfjordur.is).

The Barna Reasearch Group, Ltd (2011). Landskönnun í USA.

Sótt 8. júní 2011 af <http://www.vfbaptist.org//articles/articles/article00030.htm>.

Timarit.is. Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn. Greinar úr blöðum.

Sótt á ýmsum tímum af <http://timarit.is/>.

Trú.is. Vefur um trúmál.

Sótt 28. júlí 2011 af <http://tru.is/pistlar/2011/07/a%C3%B0-hlaupast-undan-merkjum/>.

Trúmál.wordpress.com. Vefur um trúmál.

Sótt 1. júlí 2011 af <http://trumal.wordpress.com/vi%C3%B0-m%C3%A6lum-me%C3%B0/>.

Turrell, David. (2006). About the Association of Christian Broadcasters and Christian Community Broadcasting

Sótt 5. maí 2011 af [http://www.aph.gov.au/house/committee/cita/community\\_broadcasting/subs/sub106.pdf](http://www.aph.gov.au/house/committee/cita/community_broadcasting/subs/sub106.pdf).

Útvarpsstöðin Lindin. (1995).

Sótt 6.maí, 8.maí, 4.júní,10.júní.8.júlí 2011 af <http://lindin.is> og <http://vod.lindin.is/p/>.

Vitale, Maria. (2011)

Sótt 21. júlí 2011 <http://www.peopleoffaith.com/christian-article-two.htm>.

Vörður. Gefinn út af miðstjórn Íhaldsflokksins (1924). Ritsj. Kristján Albertson Túngötu 18.

Sótt 23. júní 2011. <http://timarit.is>

Þóra G. Pálsdóttir. Bók um Arthur Gook á netinu. (2011).

Sótt 20. júní 2011 af <http://thorapals.123.is/page/283/>.

### **Efni úr sjónvarpi:**

Sjónvarpsstöðin Omega 28. júlí 2011. *Kvöldljós*. Endursýndur þáttur frá því 2010.

### **Annað:**

Heiti ritgerðarinnar er fengið úr sænsku lagi sem heitir *Á meðan hjartað slær* (T.d. Slm. 146.2 og Lúk. 9.61). Íslenskan texta gerði Magnús Stefánsson.

# Viðauki 1

## Spurningar í könnuninni:

- 1) Kyn: Karl ( ) Kona ( )
- 2) Aldur: 14-20 ( ) 21-30 ( ) 30-50 ( ) 50-60 ( ) 60-70 ( ) 70-90 ( ) eldri ( )
- 3) Búseta: Stór Reykjavíkursvæðið ( ) Annað þéttbýli ( ) Dreifbýli ( )
- 4) Telur þú þig vera trúðaða/ trúaðan: Já( ) Nei( ) Ef já:
  - Ég játa kristna trú ( )
  - Eins og fólk flest ( )
- 5) Hefur þú upplifað afturhvarf til persónulegrar trúar á Jesú Krist sem frelsara þinn?  
Já ( ) Nei ( )
- 6) Hlustar þú á Lindina:
  - daglega ( )
  - nokkrum sinnum í viku ( )
  - vikulega ( )
  - oftar ( )
- 7) Biður þú bænir? Já( ) Nei( )  
Ef já hvað á best við þig:
  - daglega ( )
  - nokkrum sinnum í viku ( )
  - vikulega ( )
  - oftar ( )
- 8) Tilheyrir þú söfnuði? Já( ) Nei ( )  
Ef já hvaða?
- 9) Hve oft ferð þú í guðspjónustu eða á trúarsamkomu
  - Vikulega eða oft í viku ( )
  - Mánaðarlega a.m.k. ( )
  - Nokkrum sinnum á ári ( )
  - Sjaldnar ( )
  - Aldrei ( )
- 10) Tekur þú þátt í bænarstundum Lindarinnar með því að taka undir með í bænum og biðja heima hjá þér? Já( ) Nei( )  
Ef já: Ertu einn/ein ( ) eða með öðrum ( )?
- 11) Hefur þú sent inn bænarefni? Já ( ) Nei ( )
- 12) Hefur þú verið bænheyrð/bænheyrður sérstaklega eftir að hafa sent inn bænarefni?:  
Já ( ) Nei ( )  
Ef já:
  - einu sinni ( )
  - nokkrum sinnum ( )
  - mörgum sinnum ( )
- 13) Lætur þú Lindina vita af bænarsvörum? Já ( ) Nei ( )
- 14) Ertu sátt/sáttur við tónlistarval Lindarinnar? Já ( ) Nei ( )


- 15) Ertu sátt/sáttur við efnistöð í þáttum Lindarinnar? Já ( ) Nei ( )
- 16) Hvað líkar þér best og af hverju?
- 17) Hlustar þú meira á Lindina en aðrar útvarpsstöðvar? Já ( ) Nei ( )
- 18) Finnst þér eins og að þú sért á samkomu eða í guðsþjónustu þegar þú hlutar á samkomu eða vitnisburð á Lindinni? Já ( ) Nei ( )
- Ef já hvað á við um þig:
- já stundum ( )
  - já oft ( )
  - já alltaf ( )
- 19) Kemur hlustun á Lindina í stað kirkjusóknar/ samkomusóknar? Já ( ) Nei ( )
- Ef já:
  - Að nokkru leyti, fer eftir dagskránni ( )
  - Oftast ( )
- 20) Hefur þú orðið fyrir sterkri trúarreynslu eða afturhvarfi þegar þú hefur verið heima og hlustað á Lindina? Já ( ) Nei ( )
- 21) Hefur þú nýtt þér Internetþjónustu Lindarinnar og horft á samkomur frá hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu? Já ( ) Nei ( )
- 22) Er eitthvað sem þér finnst vanta hjá útvarpsstöðinni? Já ( ) Nei ( )
- Ef já hvað?:
- 23) Líkar þér hlutfall tónlistar og talaðs máls? Já ( ) Nei ( )
- Ef nei: Meira tal ( ) Meiri tónlist ( )

## Viðauki 2.

### Helstu svör úr könnuninni í tölfræðilíkani


#### Búseta þáttakenda

Höfuðborgarsvæði: 15 karlar, 26 konur. Þéttbýli: 10 karlar, 8 konur. Dreifbýli: 1 kona.




#### Hlustun

Sjaldnar en einu sinni í viku: 1 karl, 2 konur. Einu sinni í viku: 6 karlar, 5 konur. Daglega: 11 karlar, 17 konur. Oft á dag: 7 karlar, 11 konur.




### Tíðni bæna

Aldrei: 1 karl, 0 konur. Einu sinni í viku: 0 karlar, 1 kona. Daglega: 7 karlar, 7 konur. Oft á dag: 17 karlar, 25 konur.




### Samkomusókn/kirkjusókn

Aldrei eða sjaldnar en mánaðarlega: 2 karlar, 8 konur. Mánaðarlega: 2 karlar, 4 konur. Vikulega 21 karl, 23 konur




### Þátttaka í bænastundum

Taka þátt: 20 karlar, 32 konur. Taka ekki þátt: 5 karlar, 3 konur.



### Bænarefni


Sent inn: 19 karlar, 35 konur. Ekki sent inn: 6 karlar, 0 konur.






### Bænheyrsla

Bænheyrð: 19 karlar, 33 konur. Ekki bænheyrð: 0 karlar, 2 konur.




### Láta Lindina vita af bænheyrslu

Látið vita: 12 karlar, 16 konur. Ekki látið vita: 7 karlar, 17 konur.




### Tónlistarval

Ánægð: 17 karlar, 22 konur. Óánægð: 8 karlar, 13 konur




### Efnistöð í þáttum

Ánægð: 24 karlar, 34 konur. Óánægð: 1 karl, 1 kona




### Hlustun á Lindina samanborið við aðrar stöðvar

Meira á Lindina: 15 karlar, 26 konur. Minna á Lindina: 10 karlar, 8 konur. Jafnt við aðrar stöðvar: 0 karlar, 1 kona.




### Áhorf á samkomur Fíladelfíu á vef Lindarinnar

Já: 13 karlar og 11 konur. Nei: 12 karlar og 24 konur.




### Hlustun líking við að vera á samkomu/guðsþjónustu

Finnst vera á samkomu: 12 karlar, 21 kona. Finnst ekki vera á samkomu: 13 karlar, 14 konur.




### Hlustun á samkomu í staðinn fyrir samkomu eða kirkjusókn

Já sögðu 13 karlar, 10 konur. Nei sögðu: 12 karlar, 25 konur.




### Trúarreiðsla við hlustun á Lindina

Já sögðu 15 karlar, 23 konur. Nei sögðu 10 karlar, 12 konur.




### Vöntun í dagskrá

Ekkert vantar uppá: 20 karlar, 22 konur. Ýmislegt vantar uppá: 15 karlar, 13 konur.



### Hlutfall tónlistar og tals

Í lagi: 18 karlar og 20 konur. Ekki í lagi: 7 karlar og 14 konur. Bæði og: 1 kona.



### Hlutfall tónlistar og tals ekki í lagi

Meira tal: 3 karlar og 12 konur. Meiri tónlist: 4 karlar og 2 konur.

